

Úttekt

á samningi mennta- og menningar-
málaráðuneytis við Fjölmennt

HÍ | MENNTAVÍSINDASTOFNUN

Unnið fyrir
MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Maí 2022

HÍ | MENNTAVÍSINDA- STOFNUN

Skýrsluhöfundar og umsjón úttektar: Kristín Björnsdóttir.

Meðhöfundar: Ellen Óttarsdóttir og Ellen Dröfn Gunnarsdóttir

Maí 2022

Menntavísindastofnun, Menntavísindasvið, Háskóla Íslands

Mennta- og menningarmálaráðneytið fól Menntavísinda-
stofnun að framkvæma þessa úttekt á samningi ráðuneytis við
Fjölmennt.



Efnisyfirlit

1.	● Inngangur	4
2.	● Starfsemi Fjölmenntar	6
3.	● Framkvæmd	9
	3.1. Spurningakönnun.....	9
	3.2. Viðtöl.....	12
	3.4. Greining á gögnum	13
4.	● Lög um framhaldsfræðslu	14
5.	● Þjónusta Fjölmenntar	20
	5.1. Kennsla og námskeið	20
	5.2. Aðgengi að upplýsingum og val á námskeiðum	26
	5.3. Tengsl við vinnumarkað	29
	5.4. Framhaldsfræðsla án aðgreiningar	31
	5.5. Áhrif COVID-19 á námskeiðahald Fjölmenntar.....	35
	5.6. Þátttakendur í geðræktarnámskeiðum.....	36
6.	● Önnur verkefni	39
	6.1. Eldri verkefni	39
7.	● Nýting og dreifing fjármagns	41
8.	● Samantekt á heildarniðurstöðum og úrbætur	47
	8.1. Helstu lærdómar og tillögur til úrbóta	51
	8.2. Tillögur að úrbótum:	53
9.	● Heimildir	55

1. Inngangur

Að beiðni Mennta- og menningarmálaráðuneytis sá Menntavísindastofnun Háskóla Íslands um að framkvæma úttekt á samningi ráðuneytisins við Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð í samræmi við 20. gr. reglugerðar um undirbúning, gerð og eftirfylgni samninga um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni, nr. 643/2018. Úttektin byggist á rannsókn sem kynnt er í þessari skýrslu.

Markmið úttektarinnar var eftirfarandi:

- Að greina þá þjónustu sem í boði er, hvernig hún kemur til móts við eftirspurn og þarfir umsækjanda og hvernig hún nýtist,
- Að skoða stjórnáslu Fjölmenntar út frá lögum,
- Að meta hvernig fjármagn sem veitt er til þjónustunnar af hálfu ráðuneytisins er nýtt og hvernig dreifingu fjármagns til annarra aðila er hátað.

Úttektin var framkvæmd í febrúar og mars 2022 með spurningalistum, rýnihóp og viðtölum meðal starfsmanna Fjölmenntar og þátttakenda í námskeiðum. Auk þess var ýmsum skriflegum gögnum safnað og þau greind. Töf varð á framkvæmd úttektarinnar vegna COVID-19 heimsfaraldursins en erfitt reyndist að ná til þátttakenda í námskeiðum vegna veikinda þátttakenda og aðstoðarfólks.

Upphaf framhaldsfræðslu fatlaðs fólks á sér nokkra sérstöðu á Íslandi þar sem hún tengist beint fyrstu lögnum sem sett voru um grunnskóla árið 1974 (nr. 63/1974). Í kjölfar laga- setningarinnar voru sérstakir þjálfunarskólar fyrir fatlað fólk stofnaðir og var þeim ætlað að uppfylla kvaðir grunnskólaganna um skólaskyldu allra barna. Allir 18 ára og yngri íbúar stofnana áttu kost á að stunda nám í þjálfunarskólunum en þar sem margir eldri íbúar höfðu ekki átt kost á skólagöngu í barnæsku var ákveðið að tengja þjálfunarskólana einnig við dagþjónustu fyrir fullorðið fólk (Anna Soffía Óskarsdóttir, 2008; Helle Kristensen og Kristín Björnsdóttir, 2022). Árið 1990 voru þjálfunarskólarnir sameinaðir í Fullorðinsfræðslu fatlaðra

en uppi voru hugmyndir um að bæta þjónustu við fatlað fólk meðal annars með lokun sólarhringsstofnana (María Hildipórsdóttir, 2006). Fullorðinsfræðsla fatlaðra var lögð niður árið 2002 en Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands stofnuðu símenntunar- og þekkingarmiðstöðina Fjölmennt í hennar stað. Tilgangur hennar er að „stuðla að því að fötluðu fólki, 20 ára og eldra, sem þarfnast sérstaks stuðnings við nám af þeim ástæðum, bjóðist fjölbreytt símenntun í formi náms og námskeiða að loknu formlegu námi í skólakerfi“ (Fjölmennt, e.d.-a, 3. grein). Tilgangi miðstöðvarinnar er nánar lýst í þjónustusamningi við ráðuneytið þar sem fram kemur að hlutverk Fjölmenntar sé þríþætt:

- Veita fötluðu fólki ráðgjöf við að velja og nýta sér nám, bæði hjá Fjölmennt og öðrum símenntunaraðilum.
- Halda námskeið fyrir þá sem ekki geta nýtt sér námstilboð annarra símenntunaraðila eða ef framboð í námskeiðum er ekki fyrir hendi.
- Starfa með öðrum símenntunaraðilum. Veita ráðgjöf um skipulagningu og framkvæmd náms fyrir fatlað fólk, bæði nám sem er sérstaklega sniðið að þörfum þess og almennt nám sem það gæti stundað með öðrum.

Skýrslan sem hér fer á eftir skiptist í níu kafla. Á eftir inngangi, þ.e. í öðrum kafla er fjallað um starfsemi Fjölmenntar. Í þriðja kafla er sagt frá framkvæmd rannsóknarinnar og þeim aðferðum sem notaðar voru. Í þeim fjórða er sjónum beint að stjórnarsýslu Fjölmenntar út frá lögum. Fimmti kafli fjallar um niðurstöður spurningakönnunar. Sjötti kafli fjallar um önnur verkefni Fjölmenntar. Sjöundi kafli snýr að nýtingu og dreifingu fjármagns frá ráðuneytinu og í þeim síðasta eru niðurstöður dregnar saman og fjallað um þann lærdóm sem draga má af rannsókninni.

2. Starfsemi Fjölmenntar

Starfsemi Fjölmenntar skiptist í símenntunardeild og ráðgjafardeild. Samkvæmt heimasíðu Fjölmenntar sér símenntunardeildin um námskeiðahald fyrir fólk með þroskahömlun eða á einhverfurófi annars vegar en hins vegar námskeið fyrir fólk með geðrænar áskoranir. Ráðgjafardeildin veitir einstaklingum, aðstandendum og fræðslustofnunum ráðgjöf varðandi nám fyrir fatlað fólk (Fjölmennt, e.d.-b). Í *Töflu 1* má sjá yfirlit um starfsfólk Fjölmenntar árið 2021. Fimm starfsmenn hafa starfað frá stofnun miðstöðvarinnar árið 2002.

Tafla 1. Starfsfólk Fjölmenntar.*

	Vorönn 2021	Haustönn 2021
• Kennarar alls	15	15
Konur	13	13
Karlur	2	2
m/kennsluréttindi	10	10
m/starfsréttindi þroskaþjálfarar	3	3
m/aðra menntun	2	2
• Ráðgjafar alls	2	2
Konur	2	2
Karlur	0	0
• Annað starfsfólk alls	6	6
Konur	5	5
Karlur	1	1
• Starfsaldur		
<5 ár	4	4
6-10 ár	1	1
11-15 ár	4	4
16-19 ár	14	14

* Árið 2021 störfuðu 16 verktakar á vegum Fjölmenntar við kennslu, aðstoð og móttöku á vorönn og 10 á haustönn.

Þar sem skólaárið 2021–2022 var rétt hálfnað þegar skýrslan var skrifuð lágu ekki fyrir upplýsingar um kennd námskeið á vormisseri 2022 og því notaðar tölur frá dagatalsárinu

2021 sem eru nýjustu upplýsingarnar. Á vorönn 2021 voru haldin 354 námskeið á vegum Fjölmenntar á landsvísu, alls 5.211 kennslustundir og 727 einstaklingar tóku þátt. Á haustönn 2021 voru haldin 380 námskeið, kenndar 5.031 kennslustund og 763 einstaklingar tóku þátt, sjá nánar *Töflu 2*.

Tafla 2. Yfirlit yfir fjölda námskeiða á vegum Fjölmenntar 2021.

• Staðsetning	Námskeið		Kennslustundir	
	Vor	Haust	Vor	Haust
Austurbrú á Egilsstöðum	6	4	93	57
Farskólinn- miðstöð símenntunar á Norðurl. vestra	1	3	12	145
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	9	11	71	96
Fræðslunetið-símenntun á Suðurlandi	29	30	284	316
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	5	8	114	170
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	15	7	106	61
Símenntunarstöð Eyjafjarðar	23	24	485	397
Viska Vestmannaeyjum	0	2	0	21
Þekkingarnet Þingeyinga	4	4	77	87
Fjölmennt -nám fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi	194	185	3647	3302
Sumarnámskeið – nám fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi	55	93	131	204
Fjölmennt – nám fyrir fólk með geðrænar áskoranir	10	8	183	172
Sumarnámskeið – nám fyrir fólk með geðrænar áskoranir	3	1	8	3
• Samtals	354	380	5211	5031


Ár hvert skipuleggur Fjölmennt og auglýsir fleiri námskeið en eru kennd og sum námskeið eru aldrei kennd af því að ekki næst næg þátttaka á meðan önnur námskeið eru vinsæl ár eftir ár og jafnvel kennd í mörgum hópum ár hvert. Heimsfaraldur vegna COVID-19 hefur einnig haft áhrif á kennd námskeið þar sem einhverjir þátttakendur hættu við vegna þess ástands sem skapaðist í þjóðfélaginu af völdum heimsfaraldursins. Karlar eru í meirihluta þátttakenda í námskeiðum Fjölmenntar og er yngsti hópurinn, 20–29 ára, fjölmennastur. Um 20 námskeiðsþátttakendur teljast vera eldri borgarar. Í *Töflu 3* má sjá yfirlit yfir þátttakendur Fjölmenntar í námskeiðum

á höfuðborgarsvæðinu árið 2021. Ekki var unnt að safna upplýsingum frá öðrum símenntunarstöðvum.

Tafla 3. Yfirlit yfir þátttakendur á námskeiðum Fjölmenntar.

	Vorönn 2021	Haustönn 2021
• Þátttakendur alls	339	344
Konur	166	164
Karlur	173	180
• Aldur		
20-29 ára	77	83
30-39 ára	73	76
40-49 ára	64	66
50-59 ára	63	66
60-69 ára	35	32
67 ára og eldri	20	21

Fjölmennt hefur einnig sinnt ýmsum öðrum verkefnum í gegnum tíðina og er fjallað um þau sérstaklega í kafla 6.



3. Framkvæmd

Eftirfarandi aðferðir voru notaðar til að afla gagna fyrir úttektina: Spurningalistakönnun var lögð fyrir þátttakendur í námskeiðum, rýnihópur meðal fulltrúa starfsmanna og einstaklingsviðtöl voru framkvæmd meðal sex þátttakenda í námskeiðum auk símaviðtala við starfsfólk sem vinnur í búsetuúrræðum fyrir fólk sem tekst á við geðrænar áskoranir. Einnig voru ýmsar skriflegar upplýsingar um Fjölmennt notaðar við úttektina eins og til dæmis heimasíða, ársskýrslur og ársreikningar. Kaflinn skiptist í fjóra hluta þar sem hverjum þætti úttektarinnar er lýst.

3.1. Spurningakönnun


Spurningakönnun samanstóð af 25 lokuðum spurningum og var könnunin sett upp í forritinu Qualtrics og niðurstöður greindar í SPSS. Spurningarnar voru settar saman í samstarfi starfsfólks Fjölmenntar og starfsfólks Menntavísindastofnunar HÍ. Spurningarnar beindust að því að fá fram viðhorf þátttakenda, hvernig þeim líkaði þjónustan sem Fjölmennt býður upp á, hvernig hún kemur til móts við eftirspurn og þarfir þeirra. Enn fremur var athugað hvernig þjónustan hefur nýst þeim.

Úrtakið var handahófskennt og var notað forrit til þess að draga út þátttakendur af þýðislista sem á voru 509 nöfn einstaklinga sem tekið höfðu þátt í námskeiðum Fjölmenntar á höfuðborgarsvæðinu á síðastliðnum fimm árum. Miðað var við þau námskeið sem haldin hafa verið síðan þjónustusamningur miðstöðvarinnar við ráðuneyti var framlengdur. Ákveðið var að miða úrtaksstærð við að staðalvilla hlutfalls (með leiðréttingu fyrir endanlegu þýði) væri ekki meiri en 3 prósentustig ef allir svöruðu, sem gerir úrtaksstærðina 200 þátttakendur. Einstaklingar sem lentu í úrtakinu fengu bréf í pósti með upplýsingum um könnunina ásamt upplýsingum um tengilið verkefnisins. Nokkrir sem lentu í úrtaki höfðu samband við tengilið til að fá nánari upplýsingar um úttektina. 101 einstaklingi var í kjölfarið sendur aðgangur að könnuninni með tölvupósti þar sem þeir gátu svarað í gegnum Internetið. Ákveðið var að

hringja í 99 einstaklinga sem ýmist bjuggu sjálfstætt, í foreldrahúsum eða vitað var að gætu svarað könnuninni án aðstoðar. Reynsla úttektaraðila af rannsóknum með þessum hópi hefur sýnt að erfiðlega getur reynst að ná til fólks með tölvupósti og þess vegna árangursríkara að hringja. Kristín Björnsdóttir prófessor í fötlunarfræði við Háskóla Íslands hringdi í þá þátttakendur sem svöruðu könnuninni í gegnum síma og skráði svör þeirra.

Svörun var 44,5% þar sem 89 einstaklingar svöruðu spurningalistakönnuninni. Símtali svöruðu 55 einstaklingar en 34 svöruðu á netinu. Þar sem vitað var að sumir námskeiðspáttakendur Fjölmenntar þyrftu aðstoð við að svara spurningalistanum voru aðstandendur, persónulegir talsmenn eða aðrir sem viðkomandi treysti til að aðstoða, hvattir til að setjast niður með honum og svara listanum í sameiningu. Flestir (n=50) svöruðu án aðstoðar, 19 einstaklingar svöruðu með aðstoð frá starfsmanni eða persónulegum talsmanni og í 20 tilvikum var það starfsmaður, persónulegur talsmaður eða aðstandandi sem svaraði könnuninni.

Í spurningalistakönnuninni tóku 52 karlar og 36 konur þátt en brottfallsgildið var 1 þátttakandi. Elsti þátttakandinn var 73 ára, yngsti þátttakandinn var 21 árs og var meðalaldur þátttakenda 41 ár. Mynd 1 sýnir aldursdreifingu þátttakenda eftir kyni.



Mynd 1. Aldursdreifing þátttakenda.

Flestir (n=53) bjuggu í búsetuúrræðum á borð við sambýli eða íbúðakjarna. Fjórtán svarendur bjuggu enn í foreldrahúsum, fjórtán voru á leigumarkaði og sjö í eigin húsnæði og einn þátttakandi gat ekki svarað þessari spurningu.

Flestir (n=74) höfðu lokið grunnskólanámi en 89 þátttakendur svöruðu þessari spurningu. Hér ber að hafa í huga að hluti þátttakenda hefur enga formlega menntun að baki og eru það sérstaklega eldri þátttakendur sem höfðu í einhverjum tilfellum alist upp á altækum stofnunum.

Tafla 4 sýnir búsetuform og menntun þátttakenda.

Tafla 4. Búseta og menntun þátttakenda.

	Fjöldi
• Búsetuform	
Foreldrahús	14
Herbergjasambýli	13
Íbúðasambýli	15
Íbúðakjarni	25
Félagsleg leiguíbúð	12
Leiguíbúð á almennum markaði	2
Eigið húsnæði	7
Veit ekki	1
• Menntun*	
Grunnskólanám	74
Starfsdeild Öskjuhlíðarskóla (2 ár)	16
Starfsdeild í framhaldsskóla	33
Annað framhaldsskólanám	9
Lýðháskólanám	2
Diplómunám í Háskóla Íslands	10

* Fjölvalsspurning

3.2. Viðtöl

Tekið var eitt rýnihópsviðtal við fimm starfsmenn Fjölmenntar. Þessir fulltrúar starfsfólks og kennara voru allt konur með mislangan starfsaldur hjá Fjölmennt en höfðu allar starfað lengi með fötluðu fólki. Fulltrúarnir voru valdir af handahófi af starfsmannalista miðstöðvarinnar. Viðtalið stóð yfir í eina og hálf klukkustund og var tekið upp og afritað. Rýnihópaviðtöl henta vel þegar aflu á mikilla upplýsinga á skömmum tíma. Einnig skapa rýnihópar aðstæður til þess að ólíkar skoðanir fái að hljóma og jafnvel takast á (Sóley Bender, 2013).

Fyrirhuguðu rýnihópsviðtali við námskeiðspáttakendur var aflýst vegna COVID-19 veikinda og takmarkana. Því var brugðið á það ráð að taka einstaklingsviðtöl við þrjá einstaklinga, eina konu og tvo karla, sem störfuðu á almennum vinnumarkaði. Eitt þeirra bjó í íbúðakjarna og tvennt í sjálfstæðri búsetu. Meðalaldur þeirra var 47 ár og höfðu þau verið alla sína starfsævi á almennum vinnumarkaði. Einnig voru tekin einstaklingsviðtöl við einn karl og tvær konur sem starfa á vernduðum vinnustað/hæfingarstöð. Eitt þeirra var í sjálfstæðri búsetu og tvennt bjó í íbúðakjarna. Meðalaldur þeirra var 45 ár. Eitt þeirra hafði starfað á almennum vinnumarkaði í 15 ár en hafði nýverið fært sig um set á verndaðan vinnustað/hæfingarstöð. Annað hafði fyrir mörgum árum reynt fyrir sér á almennum vinnumarkaði en ekki fengið stuðning við hæfi og eitt þeirra hafði aldrei starfað á almennum vinnumarkaði. Allir þátttakendur í einstaklingsviðtölum áttu það sameiginlegt að hafa sótt námskeið Fjölmenntar til fjölda ára.

Kosturinn við einstaklingsviðtöl er að þá er hægt að kafa dýpra í málefnið og fá að heyra með orðum þátttakenda hvað það er varðandi framhaldsfræðslu og Fjölmennt sem skiptir þá mestu máli (Creswell, 2007). Þessi viðtöl voru tæpur hálfími hvert, voru tekin upp og skráð orðrétt.

Þar sem starfsmannahópur Fjölmenntar er fámennur og þátttakendur í námskeiðum tilheyra jaðarsettum hópi í samfélaginu eru lýsingar á viðmælendum almennar í þeim tilgangi að vernda einkalíf þeirra og nafnleysi. Allir þátttakendur gáfu upplýst og óþvingað samþykki. Rannsóknaráætlun var borin undir Siðanefnd háskólanna um vísindarannsóknir sem komst að þeirri niðurstöðu að úttektin stangaðist ekki á við vísindasiðareglur Háskóla Íslands og því væri ekki tilefni til að mæla gegn rannsókninni (SHV2021–059).

3.3. Þátttakendur í geðræktarnámskeiðum

Fjölmennt býður upp á sérstaka kennsluskra fyrir fólk með geðrænar áskoranir og var útbúin spurningakönnun með 25 lokuðum spurningum sem var ætlað að afla upplýsinga um viðhorf þeirra til þjónustu stofnunarinnar. Reynt var að hringja í og senda tölvupóst á 69 einstaklinga sem hafa sótt geðræktarnámskeið á undanförunum árum. Ekki náðist næg þátttaka í þessum hluta rannsóknarinnar.

Haft var samband við þrjá deildarstjóra/forstöðumenn í búsetuúrræðum fyrir fólk með geðrænar áskoranir og rætt við þá í gegnum síma. Starfsmennirnir höfðu allir víðtæka starfsreynslu með fötluðu fólki og fólki sem er að takast á við geðrænar áskoranir. Þær upplýsingar voru notaðar í kafla 5.6 sem snýr að sérstöðu þessa hóps.

3.4. Greining á gögnum

Lýsandi tölfraedi var notuð til að greina gögn úr spurningakönnun. Unnið var úr rýnihópaviðtali, einstaklingsviðtölum og símaviðtölum við fulltrúa kennara, starfsfólks og þátttakendur í námskeiðum með því að marglesa þau og greina í efnisflokka. Fjallað er um niðurstöður viðtala og spurningakönnunar jöfnum höndum í skýrslunni.

Önnur gögn sem notuð voru til afla upplýsinga um starfsemi Fjölmenntar voru ársreikningar, ársskýrslur, námskra og heimasíða. Einnig var kallað eftir skriflegum og tölulegum upplýsingum frá Helgu Gísladóttur forstöðumanni Fjölmenntar. Skýrslan var borin undir Helgu til að tryggja að allar upplýsingar um starfsemina væru réttar.



4. Lög um framhaldsfræðslu

Eitt af því sem úttektinni var ætlað að varpa ljósi á var stjórnarsýsla Fjölmenntar út frá lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010, en samkvæmt þeim er framhaldsfræðsla „hvers konar nám, úrræði og ráðgjöf sem er ætlað að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og er ekki skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla eða háskóla“ (gr. 3). Starfsemi Fjölmenntar, kennsla og ráðgjöf, telst því vera framhaldsfræðsla samkvæmt þessum lögum.

Í lögunum eru tilgreind átta markmið (2.gr. a-h):

- a. að veita einstaklingum með stutta skólagöngu að baki aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu,
- b. að veita einstaklingum á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki viðeigandi námstækifæri og auðvelða þeim að hefja nám að nýju,
- c. að gefa einstaklingum færi á að efla starfshæfni sína og efla ábyrgð þeirra í því tilliti,
- d. að skapa svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna,
- e. að veita einstaklingum sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku framhaldsfræðslu þar sem tekið er mið af ójafnri stöðu þeirra og hæfni,
- f. að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis,
- g. að stuðla að því að nám og reynsla sem aflað er utan hins formlega skólakerfis verði metin að verðleikum og
- h. að efla menntunarstig í landinu og íslenskt menntakerfi.

Íslenskar rannsóknir sýna að skólaganga ungs fólks með örorku- eða endurhæfingarlífeyri er oft og tíðum stutt og margt þeirra hefur upplifað vanlíðan í skóla (Guðný Bergþóra Tryggvadóttir o.fl., 2016). Rannsóknir sem beinast sérstaklega að reynslu fólks með þroskahömlun og

einhverfu sýna að það hefur haft takmarkað aðgengi að formlegri menntun (Helga Gísladóttir, 2007; Helga Hafdís Gísladóttir, 2015; Helga Þórey Júlíadóttir, o.fl., 2016; Kristín Björnsdóttir og Steindór Jónsson, 2015; María Hildipórsdóttir, 2006; Snæfríður Þóra Egilson, 2011). Nám í framhaldsskólum varð ekki aðgengilegt öllu fólki með þroskahömlun fyrr en árið 1996 við flutning grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga en fyrstu starfsbrautirnar voru stofnaðar við Verkmenntaskólann á Akureyri og Iðnskólann í Reykjavík í kringum 1986. Auk þess starfrækti Öskjuhlíðarskóli um árabíl tveggja ára starfsnám fyrir nemendur sem höfðu lokið skyldunámi. Starfsnámið lagðist af eftir að sveitarfélögin tóku við rekstri grunnskólans (Kristín Björnsdóttir, 2002). Skólaárið 2021–2022 voru 23 framhaldsskólar sem buðu nemendum með þroskahömlun og/eða einhverfu upp á nám á starfsbraut en saga þessara brauta er stutt í íslenskri skólasögu.

Þrátt fyrir að einhverfir nemendur eigi oft og tíðum lengri skólasögu að baki heldur en nemendur með þroskahömlun þá mæta þeir ýmsum hindrunum hvort heldur sem er í grunn-, framhalds- eða háskólum (Gunnhildur Jakobsdóttir o.fl., 2015; Scott og Sedwick, 2021). Rannsóknir hafa einnig sýnt að nemendur sem takast á við geðræn vandamál hverfa oft frá námi og er skólaganga þeirra jafnan slitrótt (Guðný Bergþóra Tryggvadóttir o.fl., 2016; Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022; Kristjana Stella Blöndal og Atli Hafþórsson, 2018; Ólafur Björnsson, 2021). Brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum hefur verið hátt í samanburði við nágrannalöndin og sögðu 21% þeirra sem hættu í skóla 2018 ástæðuna vera andleg veikindi (Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022). Þrátt fyrir að þátttakendur í námskeiðum Fjölmenntar séu fjölbreyttur hópur á hann það sameiginlegt að eiga að baki stutta skólagöngu en fyrri rannsóknir hafa einnig sýnt að stór hluti nemenda hefur einnig haft takmörkuð tækifæri til virkar samfélagsþátttöku (Guðný Bergþóra Tryggvadóttir, o.fl., 2016; Gunnhildur Jakobsdóttir o.fl., 2017; Kristín Björnsdóttir og Steindór Jónsson, 2013, Ólafur Björnsson, 2021; Tobin, o.fl, 2014).

Næstu sex markmið laganna beinast að vinnumarkaðnum og tækifærum til frekara náms (2. gr. b-g). Allir þátttakendur í námskeiðum Fjölmenntar eru öryrkjar sem þýðir að þeir búa við skerta starfsorku sem getur leitt til takmarkaðrar þátttöku á vinnumarkaði. Atvinnuþátttaka

fatlaðs fólks á Íslandi er lítil, eða um 25% (Margrét Einarsdóttir og Kristín Heba Gísladóttir, 2021) og er algengt að fólk með þroskahömlun sé í sérúrræðum á borð við dagvistun, hæfing-
arstöðvum og vernduðum vinnustöðum. Stefán Hardonk og Sandra Halldórsdóttir (2021) hafa skoðað atvinnuþátttöku fatlaðs fólks og meðal annars komist að þeirri niðurstöðu að vinnu-
markaðurinn hafi takmarkaðan skilning á aðstæðum fatlaðs fólks og hvernig mögulegt væri að
styðja það til aukinnar atvinnuþátttöku. Lægra menntunarstig þessara hópa hefur einnig áhrif á
tækifæri til atvinnu en Guðrún V. Stefánsdóttir (2013) hefur sýnt fram á hvernig diplómunám
fyrir fólk með þroskahömlun við Menntavísindasvið Háskóla Íslands hefur haft jákvæð áhrif á
atvinnumöguleika brautskráðra nemenda. Fjölmennt hefur haldið fá vinnutengd námskeið og
er ljóst að símenntunarmiðstöðin uppfyllir ekki til fulls vinnumarkaðstengd markmið laganna
en nánar er fjallað um það í kafla 5.3. Ekki var skoðað hvort símenntunarstöðvar á lands-
byggðinni væru í formlegum tengslum við vinnumarkað á sínu atvinnusvæði.


Áttunda markmið laganna snýr að því að efla menntunarstig í landinu og íslenskt menntakerfi
(2. gr. h). Þar sem nám hjá Fjölmennt er ekki metið til eininga í formlegu skólakerfi er ekki
hægt að segja að Fjölmennt eigi beinan eða formlegan þátt í að efla menntunarstig í landinu.
Hins vegar geta þátttakendur í námskeiðum öðlast færni og sjálfstraust til að fara í frekara nám
innan skólakerfisins og sem dæmi má nefna að þátttaka í námskeiðum Fjölmenntar er metin
til stiga þegar sótt er um nám við Háskóla Íslands í starfstengdu diplómunámi fyrir fólk með
þroskahömlun.

Í 6. gr. laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 er farið fram á vottun einstakra námskráa og
námskeiðslýsinga. Ekki hefur farið fram slík vottun á námsframboði Fjölmenntar en mikilvægt
er að skoðað verði af hverju það hafi ekki verið gert. Þess ber þó að geta að Fjölmennt hefur
sinnt sjálfsmati í formi kannana á skoðunum fólks sem tekur þátt í námskeiðum miðstöðvarinnar.
Nýjasta könnunin er frá árinu 2020.

Fjölmennt býður bæði upp á nám á námsbrautum og einstaka námskeið. Námsbrautir fyrir
nemendur með þroskahömlun eða á einhverfurófinu árið 2021 voru þrjár. Námsbraut í
grafískri vinnslu var í samstarfi við Promennt, námsbraut heilsu- og lífsstílsþjálfunar haldin í
samstarfi við Framvegis, miðstöð símenntunar og matar- og framreiðslubraut sem haldin er

í húsnæði Fjölmenntar við Vínlandsleið. Stök námskeið voru fjölbreytt og námskránni skipt í heimilisfræði, íþróttir, sund og dans, mál og samfélag, myndlist og handverk, sjálfstyrkingu/valdeflingu, snjalltæki og miðlun, tónlist og leiklist og ökunám (Fjölmennt, e.d.-c).

Hægt er að raða námskeiðum í kennsluskrá Fjölmenntar í þrjú flokka sem skarast þó allir að einhverju leyti eins og sjá má á *Mynd 2*. Í fyrsta lagi eru námskeið í tengslum við sjálfstætt líf, heilsu og lífsleikni. Slík námskeið geta vissulega stuðlað að færni sem mögulegt er að nýta til frekari menntunar og aukinnar atvinnuþátttöku (t.d. sjálfstyrking og valdefling) en einnig er um að ræða námskeið sem snúa að sjálfstæðu lífi eins og matreiðsla og kynfræðsla. Í öðru lagi eru námskeið sem geta aukið starfsmöguleika fólks (t.d. ökunám, tölvunám og tungumálanám) og færni til frekari menntunar (t.d. tungumálanám og tölvunám). Í þriðja lagi eru tómstundanám-skeið á borð við tónlistarnám, kór, leiklist og handverk. Vissulega geta námskeið Fjölmenntar í hinum ýmsu listgreinum, sem hér hafa verið skilgreind sem tómstund, verið góður undirbúningur undir frekara nám eins og til dæmis við Myndlistaskólann í Reykjavík. Sennilega væri hægt að skilgreina alla framhaldsfræðslu sem tómstund þar sem þátttakendur stunda hana yfirleitt í sínum frítíma en þátttaka í slíkum námskeiðum er talin hafa jákvæð persónuleg áhrif á borð við vellíðan og aukin lífsgæði (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2010).



Mynd 2. Þrjú flokkar námskeiða Fjölmenntar.

Ef kennsluskrá Fjölmenntar er borin saman við kennsluskrár annarra símenntunarstöðva á höfuðborgarsvæðinu kemur í ljós að flest símenntunarnámskeið eru starfs- og menntunartengd en einnig eru nokkrar símenntunarstöðvar sem bjóða upp á heilsu- og lífsleikninámskeið.

Á höfuðborgarsvæðinu virðast tómsundanámskeið að mestu vera haldin utan símenntunarstöðva hjá einyrkjum, félagasamtökum og einkafyrirtækjum. Skilin eru ekki eins skýr hvað þetta varðar á landsbyggðinni en nokkrar símenntunarstöðvar utan höfuðborgarsvæðisins bjóða upp á ýmis tómsundanámskeið á borð við súrdeigsbakstur og fatasaum (Austurbrú, e.d.; Símeý, e.d.). Engin námskeið virtust vera í boði fyrir almenning vorið 2021 sem gætu flokkast beint undir eflingu á sjálfstæðu lífi, hvorki hjá símenntunarstöðvum né utan þeirra, á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni.


Fyrir flesta þjóðfélagshópa þarf ekki að skilgreina sérstaklega eða berjast fyrir rétti þeirra til sjálfstæðs lífs án samfélagslegrar aðgreiningar en það er sérstaklega kveðið á um slíkt í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2007). Í samningnum er litið á sjálfstætt líf sem lið í fullri þátttöku í samfélaginu án aðgreiningar (19. gr.) og því má auðveldlega færa rök fyrir því að námskeið sem miðast við að efla sjálfstætt líf samræmist lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 sem hafa það að markmiði að „veita einstaklingum með stutta skólagöngu að baki aukin tækifæri til virkar þátttöku í samfélaginu“ (gr. 2 a). Auk þess er eðlilegt að símenntunarmiðstöð sem starfrækt er sérstaklega fyrir fatlað fólk taki mið af lögum og alþjóðlegum samningum er varðar líf þeirra sérstaklega og réttindi.

Þegar sérúrræði á borð við Fjölmennt eru skoðuð er mikilvægt að skoða niðurstöður fyrri rannsókna sem gerðar hafa verið á námi nemenda með námslegar sérþarfir en þær sýna að í þeim tilfellum þar sem nemendur fylgja ekki almennum námskrám þá sé oft gefinn talsverður afsláttur af námslegum kröfum. Nám þeirra missir einingalegt virði sem endurspeglast í litlum væntingum til nemenda og framtíðar þeirra (Ferri og Connor, 2010; Kristín Björnsdóttir, 2014; Ragnhildur Íris Einarsdóttir, 2019). Það er því mikilvægt að tryggja þátttakendum í námskeiðum Fjölmenntar gæðanám sem mun nýtast þeim til aukinnar samfélagsþátttöku, í frekara námi og þátttöku á vinnumarkaðnum. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að það geti jafnvel skemmt fyrir fólki með þroskahömlun sem ekki er með sýnilega fötlun að hafa stundað nám við starfsbrautir framhaldsskóla eða diplómunámið í HÍ. Dæmi eru um að einstaklingar hafi misst af atvinnutækifærum (Kristín Björnsdóttir, 2014) sem sýnir að oft og tíðum er litið á nám

þeirra sem „eithvert plat“ (Guðrún V. Stefánsdóttir, 2011). Í lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 kemur fram að markmið framhaldsfræðslu sé að „stuðla að því að nám og reynsla sem aflað er utan hins formlega skólakerfis verði metin að verðleikum“ (gr. 2 g). Líklegt er að skortur á vottun á námsleiðum og námskeiðum Fjölmenntar geri þátttakendum erfitt fyrir að fá nám sitt metið að verðleikum. Nánar er fjallað um hvernig þátttaka í námskeiðum Fjölmenntar er metin til launa skv. kjarasamningum í kafla 5.3.

Að undanfögnu hefur ráðgjafardeild Fjölmenntar mest verið nýtt af kennurum og starfsfólki miðstöðvarinnar en minna er um að aðstandendur, aðstoðarfólk eða aðrar fræðslustofnanir sækji ráðgjöf varðandi nám fyrir fatlað fólk. Helsta ástæða þess eru takmarkanir vegna COVID-19 heimsfaraldursins. Við ráðgjafardeildina störfuðu þrjú starfsmenn árið 2022, og eru þeir sérfræðingar í óhefðbundnum tjáskiptum, snjalltækjum og einhverfuráðgjöf (Fjölmennt, e.d.-d). Í 8. gr. laga um framhaldsfræðslu er sérstaklega kveðið á um náms- og starfsráðgjöf en Fjölmennt hefur ekki boðið þátttakendum sínum upp á einstaklingsbundna starfsráðgjöf. Einstaklingar geta hins vegar fengið aðstoð frá ráðgjöfum, kennurum og öðru starfsfólki við að velja og skrá sig á námskeið miðstöðvarinnar.

Fjölmennt kemur að ýmsum verkefnum sem ekki falla undir lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 en nánar er fjallað um þau í kafla 6. Það er niðurstaða úttektaraðila að Fjölmennt sinni framhaldsfræðslu samkvæmt fyrrnefndum lögum en að auka þurfi náms- og starfsráðgjöf til einstaklinga og tengsl við vinnumarkaðinn til muna (sjá kafla 5.3). Í kafla 7 er síðan fjallað um fjármagn sem veitt er til þjónustunnar af hálfu ráðuneytis en samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 á Fræðslusjóður um að ráðstafa þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum, að meta hvernig fjármagn sem veitt er til þjónustunnar af hálfu ráðuneytisins er nýtt og hvernig dreifingu fjármagns til annarra aðila er háttað.




5. Þjónusta Fjölmenntar

Hér verður niðurstöðum úr spurningakönnun og viðtölum lýst í sex undirköflum. Fyrst verður sjónum beint að kennslu og námskeiðum. Næst er fjallað um aðgengi að upplýsingum og hvernig staðið er að vali í námskeiðum. Þá er tengslum Fjölmenntar við vinnumarkaðinn lýst. Þar næst er fjallað um framhaldsfræðslu án aðgreiningar. Næstsíðasti hlutinn fjallar um áhrif COVID-19 heimsfaraldursins á starfsemi Fjölmenntar og að lokum er sjónum beint að framkvæmd geðræktarnámskeiða.

5.1. Kennsla og námskeið


Meirihluti þátttakenda var jákvæður í garð Fjölmenntar en 84 þátttakendur voru frekar eða mjög sammála því að námskeiðið sem þeir sóttu hefði verið áhugavert eins og sjá má á *Mynd 3*. Tveir þátttakendur vissu ekki hvort það hefði verið áhugavert og einn þátttakandi var frekar eða mjög ósammála því að námskeiðið hefði verið áhugavert.



Mynd 3. Viðhorf þátttakenda til kennslu og námskeiða.

Á *Mynd 3* sést að langflestir þátttakendur (n=81) voru frekar eða mjög sammála því að kennarinn væri góður, 76 sögðu kennarann hlusta á nemendur og 77 sögðu hann sýna nemendum virðingu og skilning. Eingöngu einn nemandi sagðist vera frekar eða mjög ósammála þessum fullyrðingum.

Í viðtölum við þátttakendur kom fram almenn ánægja með kennara Fjölmenntar og þá virtist ekki skipta máli hvort þeir sóttu tíma í húsnæði Fjölmenntar við Vínlandsleið eða utan þess. Þátttakendur lýstu hvernig þeir upplifðu öryggi í kennslustundunum, voru ekki hræddir eða feimnir við að spyrja ef þeir þörfuðust aðstoðar og leið almennt vel. Á *Mynd 4* sést að 83 þátttakendum leið frekar eða mjög vel í námskeiðum Fjölmenntar, fjórir vissu það ekki, en engum leið frekar eða mjög illa.



Mynd 4. Líðan nemenda í kennslustundum Fjölmenntar.


Eingöngu fimm þátttakendur töldu sig ekki fá nógu góðan stuðning í námskeiðum Fjölmenntar. Meirihlutinn (n=77) taldi sig fá nógu góðan stuðning en fjórir vissu ekki hvort þeir fengju nógu góðan stuðning. Enginn taldi sig fá of mikinn stuðning. Með sumum þátttakendum

Í námskeiðum Fjölmenntar kemur aðstoðarfólk frá heimili viðkomandi. Sex þátttakendur sem svöruðu spurningalistakönnuninni höfðu persónulegan aðstoðarmann með sér á námskeiðunum en 80 þátttakendur voru án aðstoðarmanns. Þeir þátttakendur sem hafa persónulega aðstoðarmenn með sér í námskeiðum eiga það sameiginlegt að þurfa mikinn stuðning í daglegu lífi og nota margir þeirra óhefðbundnar tjáskiptaaðferðir. Þetta er sá hópur fólks með þroskahömlun sem hefur fengið fæst tækifæri til menntunar (Anna Soffía Óskarsdóttir, 2008; Helle Kristensen, 2019).

Helle Kristensen (2019) fjallaði um þátttöku persónulegra aðstoðarmanna í námskeiðum Fjölmenntar í meistararitgerð sinni í sérkennslufræðum við Háskóla Íslands. Þar komst hún að þeirri niðurstöðu að það væri til bóta ef persónulegir aðstoðarmenn þátttakenda tækju virkari þátt í kennslustundum í samvinnu við kennara. Hún benti á að það væri sjaldgæft að unnið væri markvisst með það sem nemendur lærðu í námskeiðum á heimilum þeirra. Þegar niðurstöður meistaraverkefnis Helle lágu fyrir bjó hún til fræðsluefni um hlutverk aðstoðarfólks sem er hugsað fyrir starfsmenn í búsetuþjónustu (Fjölmennt, e.d.-e). Með þessu fræðsluefni og myndböndum sýnir starfsfólk Fjölmenntar frumkvæði í að ná til þeirra sem veita þátttakendum aðstoð í daglegu lífi þannig að námið geti nýst þeim sem best. Í rýnihópi kennara og starfsmanna Fjölmenntar kom fram skýr vilji til að tengjast betur heimilum þátttakenda. Hefur ýmislegt verið gert, eins og bjóða aðstoðarfólki upp á fræðslu og með fréttabréfi ráðgjafardeildarinnar sem er sent út tvisvar á önn. „Markmið fréttabréfsins er að stuðla að því að þátttakendum nýtist námið sem best og að kynna möguleika í námi fyrir fólk með þroskahömlun og/eða á einhverfurófi“ (Fjölmennt, e.d.-f).

Í meistaraprófsritgerð sinni komst Helle einnig að því að sumt aðstoðarfólk fólks með þroskahömlun sem þarf mikinn stuðning í daglegu lífi lítur ekki á þátttöku í námskeiðum hjá Fjölmennt sem raunverulegt nám heldur fyrst og fremst tilbreytingu eða tómsund (Helle Kristensen, 2019). Þátttakendur spurningakönnunarinnar voru spurðir hvernig það sem þeir hefðu lært á námskeiði hjá Fjölmennt hefði nýst þeim best. Um var að ræða fjölvalsspurningu þar sem 39 þátttakendur töldu að námið hefði nýst best heima hjá sér og 61 í frítíma sínum. Eingöngu sjö þátttakendur töldu námskeiðið hafa nýst best í vinnunni og fimm í öðru námi. Nánar er fjallað um vinnumarkaðinn í kafla 5.3.

Mynd 5 sýnir svör við spurningunni hvort þátttakendum fannst þeir hafa lært mikið eða lítið í námskeiðum Fjölmenntar. Meirihluti (n=66) taldi sig hafa lært frekar eða mjög mikið á námskeiðunum, níu töldu sig hafa lært frekar lítið en níu einstaklingar gátu ekki svarað spurningunni.




Mynd 5. Finnst þér þú hafa lært mikið eða lítið á námskeiðum hjá Fjölmennt?

Nokkrir þátttakendur í símakönnun sögðust vera á einhverfurófi og hefðu lokið einingabæru framhaldsskólanámi. Þeir hefðu ákveðið að sækja námskeið Fjölmenntar/Promennt af því að þeir hefðu ekki getað fundið vinnu eða horfið frá frekara námi í skólakerfinu. Þeir töluðu um að námskeið Fjölmenntar/Promennt hefðu að einhverju leyti verið upprifjun á því sem þeir hefðu þegar lært og ekki mikil viðbót við það formlega nám sem þeir hefðu þegar lokið. Einn þátttakandi sagðist hafa skráð sig á námskeiðið af því að hann hefði ekki verið að gera neitt annað og vildi „losna við þau [foreldrana] af bakinu á mér“. Þrátt fyrir að þeir teldu sig ekki hafa lært mikið nýtt sögðust þeir hafa verið ánægðir með námskeiðin og töldu sig hafa haft gott af þátttökunni.

Þátttakendur í spurningalistakönnun voru spurðir af hverju þeir hefðu sótt námskeið hjá Fjölmennt en um fjölvalsspurningu var að ræða þar sem þeir gátu merkt við tvö atriði.

Algengast (n=45) var að þátttakendur veldu svarmöguleikann: „Gera það sem mér finnst skemmtilegt“ og næst algengast (n=33) var svarmöguleikinn: „Læra eitthvað nýtt“. Félagslegir þættir á borð við að hitta vini og féлага (n=17), kynnast nýju fólki (n=14) og hitta kennara (n=9) komu þar á eftir. Eins og sjá má á *Mynd 6* völdu 18 þátttakendur svarmöguleikann „annað“ en í því samhengi nefndu þeir „að læra á bíl“, „fara í ræktina“ og „fara í leikhús“. Einn þátttakandi svaraði: „Tilbreyting í einhæfu lífi sem býður upp á fátt sem hentar mér.“ Nokkrir aðrir þátttakendur tóku í sama streng, bæði í spurningalistakönnun og viðtölum.



Mynd 6. Ástæða fyrir þátttöku í námskeiðum Fjölmenntar.

Í rýnihópi meðal kennara og starfsfólks var félagslegur þáttur símenntunarstöðvarinnar ræddur en fyrir marga þátttakendur í námskeiðum hjá Fjölmennt er ekki annað félagsstarf í boði eða önnur námskeið. Kennararnir bentu á að í einhverjum tilfellum gæti fólk með þroskahömlun ekki sótt önnur námskeið þar sem námskeiðsgjöldin væru of há. Sem dæmi má nefna einkaþjálfun í World Class; 16 tímar með einkaþjálfara kosta kr. 13.000 á sama tíma og sambærileg þjálfun fyrir almenning kostar í kringum kr. 60–70.000. *Mynd 7* er verðsamanburður á þremur

námskeiðum Fjölmenntar við sambærileg námskeið sem eru opin almenningi. Vert er að hafa í huga að hér er ekki samanburður á innihaldi eða gæðum.


Einkaþjálfun	
Fjölmennt kr. 13.000 16 klst.	World Class kr. 60-70.000 12 klst.
Söngnám	
Fjölmennt kr. 22.000 16 klst. (16 skipti)	Söngskóli Sigurðar Dementz kr. 52.000 2,5 klst. (5 skipti)
Enska	
Fjölmennt kr. 11-14.000 15-20 klst.	Mímir kr. 35.9000 12 klst.

Mynd 7. Verðsamanburður á námskeiðum.

Önnur ástæða þess að fólk með þroskahömlun getur ekki sótt félagsstarf utan Fjölmenntar er sú staðreynd að í flestum tilfellum er þátttaka háð útilokandi viðmiðum. Sem dæmi má nefna inntökupróf í kóra (sjá t.d. heimasíðu: <http://www.kvennakorinn.is/>), skilyrði um sjálfræði í Frímúrarareglunni á Íslandi (sjá nánar heimasíðu: <https://frimurarareglan.is/>) og kröfu um að vera líkamlega og andlega vel á sig komin hjá Hjálparsveit skáta (sjá nánar heimasíðu: <https://hssr.is/>). Þriðju ástæðuna má sækja í meistaraþrófsritgerð Helle Kristensen (2019) sem hefur bent á að fyrir sumt fólk með þroskahömlun er takmarkað við að vera og það á sérstaklega við um fólk sem þarf mestan stuðning í daglegu lífi. Þannig virðist Fjölmennt vera það eina sem þeim stendur til boða og brýtur þar af leiðandi upp tilbreytingarleysi hversdagsins.

5.2. Aðgengi að upplýsingum og val á námskeiðum


Þátttakendur í spurningalistakönnun voru spurðir hversu auðvelt væri fyrir þá að fá upplýsingar um þau námskeið og námsleiðir sem í boði eru hjá Fjölmennt. Meirihluta þátttakenda (n=53) fannst frekar eða mjög auðvelt að fá upplýsingar um námskeiðsframboðið, eingöngu níu þátttakendum fannst erfitt eða mjög erfitt að nálgast upplýsingar, en 24 vissu ekki hvort það væri auðvelt eða erfitt, sjá *Mynd 8*.



Mynd 8. Finnst þér auðvelt eða erfitt að finna út úr því hvaða námskeið eru í boði í Fjölmennt?

Flestir þátttakendur (n=58) sögðust nota heimasíðu Fjölmenntar til að afla sér upplýsinga um námskeiðsframboð símenntunarstöðvarinnar. Í viðtölunum lýstu nokkrir þátttakendur hvernig starfsfólk á heimilum þeirra notaði heimasíðuna til að fara yfir námskeiðsframboðið áður en viðkomandi tæki ákvörðun um hvaða námskeið hann vildi sækja um. Annar þátttakandi sem bjó einn og fékk enga formlega aðstoð frá sveitarfélaginu sem hann bjó í sagðist eiga erfitt með að finna út hvað væri í boði en starfsmaður Fjölmenntar aðstoðaði hann á hverju hausti að sækja um námskeið.


Í fyrri rannsóknum hefur komið fram að fólk með þroskahömlun fær oft og tíðum ekki að velja sjálfst hvaða námskeið það sækir og þarf að sætta sig við námskeið sem hvorki samræmast áhuga þess né lífsstíl (Kristín Björnsdóttir og Rannveig Traustadóttir, 2010). Á þessu virðist hafa orðið einhver breyting því eingöngu ellefu einstaklingar svöruðu að aðrir hefðu valið námskeið fyrir þá á meðan meirihluti þátttakenda (n=74) hafði valið námskeiðið sjálfur eða með aðstoð annarra. Einn þátttakandi vissi ekki hver hafði valið námskeiðið, sjá nánar Mynd 9.



Mynd 9. Hver valdi námskeiðið?

Eins og fram kom í öðrum kafla skýrslunnar þá voru 379 námskeið í boði árið 2021 en nokkuð fleiri voru auglýst en ekki kennd. Kennarar sem tóku þátt í rýnihópnum sögðust reyna að bjóða reglulega upp á ný námskeið en nemendahópurinn væri vanafastur og virtist sækja í sömu námskeiðin ár eftir ár. Það liggur kannski í hlutarins eðli að tólmstundanámskeið á borð við kórastarf er félagslegt og því eðlilegt að kórmeðlimir haldi tryggð við félagi sína líkt og algengt er meðal kórakólfs almennt. Einn þátttakandi í símakönnun hafði miklar áhyggjur af að spyrjandi ætlaði að „taka af [sér] matreiðsluna“. Um var að ræða eldri konu sem vissi fátt skemmtilegra en matreiðslunámskeiðið sem hún hafði sótt í mörg ár og vildi alls ekki breyta til. Kennararnir bentu einnig á að margir þátttakendur í námskeiðum hjá Fjölmennt upplifðu

sig örugga í kunnuglegu umhverfi og nemendur á einhverfurófinu virtust sækja mikið í sömu námskeiðin ár eftir ár. Starfsfólk og kennarar höfðu áhyggjur af að þátttakendur fengju ekki nógu góða aðstoð við að skoða heimasíðuna og kynna sér hvað væri í boði. Í spurninga-
listakönnuninni sögðu 37 þátttakendur nógu mörg námskeið í boði, tveimur fannst of mörg námskeið í boði, 25 vildu sjá fleiri námskeið í boði en 22 höfðu ekki myndað sér skoðun, sjá Mynd 10.



Mynd 10. Hvað finnst þér um fjölda námskeiða í boði hjá Fjölmennt?

Í símakönnun og viðtölum við fólk með þroskahömlun komu í ljós vonbrigði með að geta eingöngu sótt eitt námskeið í einu hjá Fjölmennt. Þannig þyrftu þátttakendur að forgangsraða þeim námskeiðum sem þeir hefðu mestan áhuga á að sækja sem oft varð til þess að þeir prófuðu ekki ný námskeið. Einn sagði: „Ég vil ekki sækja um spjaldtölvunámskeiðið af því að þá missi ég kannski af því að vera í tónlist.“ Viðkomandi var hins vegar sannfærður um að spjaldtölvunámskeið hefði góð áhrif á frítíma hans, bæði hvað varðar samfélagsmiðla og fjölbreytt smá- og samskiptaforrit sem gætu stýtt honum stundir. Hér tekst á þörfina fyrir að tilheyra samfélagi (kór) og sinna tólmstundum við þörfina fyrir að læra nýja færni sem gæti aukið möguleika hans á samfélagslegri þátttöku.

5.3. Tengsl við vinnumarkað

Eins og fram hefur komið voru eingöngu sjö þátttakendur í spurningakönnun sem töldu námskeið Fjölmenntar hafa nýst best í vinnunni. Kveðið er á um samráð við heildarsamtök launafólks og atvinnurekenda um framkvæmd laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 (15. gr.). Fjölmennt virðist skorta tengsl við vinnumarkaðinn, þ.e. að ekki er boðið upp á starfsfræðslu eða þjálfun, starfsráðgjöf og takmarkað samstarf er við almennan eða verndaðan vinnumarkað.

Skólaárið 2021–2022 var Fjölmennt í samstarfi við Vinnumálastofnun og Atvinnu með stuðningi (AMS) um tvær námsbrautir á sviði matvæla og framreiðslu annars vegar og tölvuvinnslu hins vegar. Nemendur skráðu sig á námsbrautirnar í gegnum AMS en Fjölmennt og Promennt skipulögðu og sáu um framkvæmdina. Matar- og framreiðslubrautin er um 180 kennslustunda nám þar sem þátttakendur mæta þrisvar í viku í eina önn. Þrjár einstaklingar voru teknir inn á þessa námsbraut en takmarka þurfti fjölda þátttakenda vegna COVID-19 heimsfaraldursins. Tveir þátttakendur luku námi og sá AMS um að útvega þeim vinnu í mötuneyti að námi loknu sem sýnir þá möguleika sem felast í formlegu samstarfi símenntunar og vinnumarkaðs. Fimm nemendur á einhverfurófi hófu og luku námi á tölvubraut hjá Promennt en þrátt fyrir að vera skipulagt í samvinnu við AMS þá var ekki um að ræða markvissa atvinnuleit samhliða námskeiðinu.

Í stjórn Fjölmenntar eru fulltrúar Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) og Landssamtakanna Þroskahjálpar ásamt fulltrúa Menntavísindasviðs Háskóla Íslands en engin tengsl eru við heildarsamtök launafólks. Það er ein af niðurstöðum úttektarinnar að skortur á tengslum við vinnumarkað og samtök launafólks sé veikleiki Fjölmenntar. Þarft er að skoða með gagnrýnum hætti hvernig hægt væri að tengja símenntunarmiðstöðina betur við vinnumarkaðinn, til dæmis með aðkomu fulltrúa hans í stjórn Fjölmenntar.

Í viðtölunum kom skýrt fram að þátttakendur litu ekki á námskeið Fjölmenntar sem starfsþróun heldur fyrst og fremst sem tómskund eða til sjálfstyrkingar. Nokkrir þátttakendur í símakönnun og viðtölum höfðu lokið starfstengdu diplómunámi fyrir fólk með þroskahömlun við Háskóla

Íslands eða myndlistarnámi á framhaldsskólastigi við Myndlistaskólann í Reykjavík. Þeir höfðu allir sótt námskeið hjá Fjölmennt eftir að hafa brautskráðst úr þessum skólum, m.a. vegna þess að þeim stóð ekkert annað formlegt nám til boða eða sem tómstund. Enginn þeirra leit á námskeið Fjölmenntar sem starfsþróun eða undirbúning fyrir frekara nám.

Enginn hafði beðið um að fá námskeið Fjölmenntar metin til launa. Misjafnt er með hvaða hætti framhaldsfræðsla er metin til launa og fer það eftir kjarasamningum (sjá heimasíður stéttarfélag). Sem dæmi þá gera kjarasamningar Eflingar og Kjalar ráð fyrir að starfsþróun í formi náms geti haft áhrif á laun og sé þá metin sem umbun fyrir kunnáttu sem nýtist í starfi. Ekki er kveðið á um lágmarks einingar eða kennslustundir í kjarasamningum en starfsmaðurinn á rétt á að þessir persónubundnu þættir séu metnir reglulega. Það er því mikilvægt að Fjölmennt vinni með stéttarfélagunum að því að tryggja að nám miðstöðvarinnar verði metið að verðleikum. Þeir þátttakendur í viðtölum sem voru meðlimir í stéttarfélagum höfðu allir fengið styrki fyrir námskeiðsgjöldum Fjölmenntar eða eins og einn þátttakandinn komst að orði: „Ég fer bara með kvittunina niður í VR og þeir borga bara beint inn á heimabankann.“

Eins er vert að benda á að samkvæmt VR eiga félagsmenn rétt á launaviðtölum þar sem starfsmenn geta sýnt fram á að þeir hafi styrkt stöðu sína og færni með því að sækja símenntunar-námskeið (VR, e.d.). Enginn þátttakandi í viðtölum hafði farið í launaviðtal eða vissi að hann gæti beðið um launahækkun. Það er ljóst að þörf er á að bjóða fólki með þroskahömlun og einhverfu upp á námskeið sem fjallar um réttindi og skyldur á vinnumarkaði eins og til dæmis launaviðtöl, starfsþróun og vinnutíma. Í því samhengi má benda á að Fræðslunetið, símenntun á Suðurlandi hefur skipulagt 200 stunda námsbraut sem kallast Nám og starf og samanstendur af 150 bóklegum kennslustundum og 50 stundum í verklegu námi en ekki fengið fjármagn til þess að kenna hana. Skýrsluhöfundar hvetja ráðuneyti og Fjölmennt til að stofna til samstarfs milli símenntunarstöðva þar sem markvisst er stuðlað auknum atvinnutækifærum fyrir fatlað fólki. Það er einnig mikilvægt að ræða við samtök launafólks um hvernig best er að koma á fót námskeiðum sem metin eru að verðleikum á vinnumarkaðnum, bæði hvað innihald varðar og fjölda kennslustunda.


Talsvert af fólki með þroskahömlun og þá sérstaklega það sem starfar á vernduðum

vinnustöðum fær ekki laun fyrir vinnuframlag sitt (Embla Guðrúnar Ágústsdóttir og Freyja Haraldsdóttir, 2016) og eru hlutfallslega fáir meðlimir í stéttarfélögum. Þátttakendur sem tóku þátt í viðtölunum sögðust alltaf hafa áhyggjur af tekjuáætluninni sem þeir þurfa að skila Tryggingastofnun ríkisins (TR) til þess að fá örorkulífeyrisgreiðslur. Atvinnutekjur og fjármagnstekjur (t.d. vextir af innistæðum) geta haft áhrif á greiðslur frá TR og örorkulífeyrisþegar lent í að þurfa að endurgreiða TR ofgreiddan lífeyri. Þetta veldur mörgu fólki áhyggjum og eins og ein konan sagði: „Það er kannski betra að hafa ekki laun og þurfa ekki að borga til baka.“ Annar þátttakandi sagðist ekki vita að það „ætti að fá laun“ fyrir vinnuna á verndaða vinnustaðnum. Það er lykilatriði að einstaklingar þekki rétt sinn og væri vert að starfsfólk Fjölmenntar í samstarfi við Átak, Þroskahjálp, ÖBÍ, Geðhjálp og Einhverfusamtökin skoðuðu hvort ástæða væri til að bjóða upp á námskeið um lífeyrisréttindi fatlaðs fólks og réttindi fatlaðs fólks til stuðnings á vinnumarkaði.

5.4. Framhaldsfræðsla án aðgreiningar

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kveður á um rétt fatlaðs fólks til menntunar á aðgreiningar alla ævi (gr. 24). Það skýtur þar af leiðandi skökku við að í þjónustusamningi Fjölmenntar við ríkið (2015–2017) sé eingöngu kveðið á um blöndun og samskipan og er það orðalag engan veginn í samræmi við lög og alþjóðlega samninga. Með blöndun/samskipan (e. integration) er eingöngu hugsað til staðsetningarinnar eins og að fatlað fólk sækir nám við sömu símenntunarstöðvar og ófatlað fólk. Ekki er hins vegar gerð krafa um að námið sé án aðgreiningar eða inngildandi (e. inclusive), þ.e. að fatlaðir þátttakendur séu fullgildir þátttakendur með því að sækja sömu námskeið og ófatlað fólk (Berglind Rós Magnúsdóttir, 2016).

Árið 2012 gaf stjórn Fjölmenntar út skýrslu um útvistun verkefna þannig að námskeiðahald fyrir fatlað fólk færðist í auknum mæli til almennra símenntunar- og fræðsluaðila (Bjarni Kristjánsson og Vilborg Jóhannsdóttir, 2012). Fjölmennt gerði þjónustusamninga við Námsflokka Reykjavíkur og



Mími símenntun, Reykjavík. Samkvæmt upplýsingum frá Helgu Gísladóttur forstöðumanni Fjölmenntar tókst þessi tilraun við Námsflokkana ekki nógu vel, henni hætt eftir eitt ár og fluttust námskeiðin aftur til Fjölmenntar. Formlegu samstarfi við Mími var hætt 2018 og eftir það aðeins samið um 1–2 námskeið á ári. Nú fara flest námskeið Fjölmenntar fram í eigin húsakynnum við Vínlandsleið, nokkur í leiguhúsnæði utan Fjölmenntar og í nokkrum tilfellum er formlegt samstarf við aðrar símenntunarstöðvar (t.d. Promennt, Framvegis og Dansskólann Hvönn). Eftirfarandi er listi yfir staðsetningu þeirra námskeiða sem kennd voru árið 2021 utan Fjölmenntar á höfuðborgarsvæðinu:

- Promennt
- Framvegis
- Ökuskólinn í Mjódd
- Mímir
- Sundlaug í Fjölbrautarskólanum í Ármúla
- Sundhöll Reykjavíkur
- Keilusalurinn í Egilshöll
- Yogasmiðjan
- Dansskólinn Hvönn, Kórinn íþróttahús
- Sjúkraþjálfunin Styrkur
- Sundlaug Sjálandsskóla
- Íþróttahús fatlaðra, Hátúni

Aðkeypt námskeið eða námskeið kennd af verktökum samræmast þjónustusamningi Fjölmenntar við ríkið (sjá nánar kafla 7). Hér verða nefnd nokkur dæmi um námskeið eða námsbrautir sem kennd eru utan Fjölmenntar. Fyrst ber að nefna námsbraut í tölvuvinnu sem skipulögð er í samvinnu við Promennt, vottað og viðurkennt fræðslufyrirtæki sem býður upp á fjölbreytt úrval námskeiða í viðskiptagreinum, tölvu- og upplýsingatækni. Kennarinn er starfsmaður hjá Promennt en námsbrautin er skipulögð og niðurgreidd af Fjölmennt. Námskeiðin eru

eingöngu ætluð nemendum Fjölmenntar og eru því ekki án aðgreiningar. Í viðtölum við starfsfólk og kennara kom fram ánægja með samstarfið við Promennt og að þar væri nú mikil reynsla og „gott samstarf til margra ára“. Skólaárið 2021–2022 var námsbrautin haldin í samvinnu við Vinnuálastofnun og Atvinnu með stuðningi (AMS) sem býðir að nemendurnir skráðu sig í gegnum AMS og það þá að einhverju leyti skilgreint sem atvinnuúrræði.

Ökunám Fjölmenntar fer fram í Ökuskólanum í Mjódd en kennarinn er starfsmaður Fjölmenntar. Það er sérstakt námskeið fyrir fólk með þroskahömlun eða einhverfu og er staðsett í Ökuskólanum en skipulagt, kennt og niðurgreitt af Fjölmennt. Óljóst er hver ávinningur nemenda, kennarans eða Fjölmenntar er af staðsetningu námskeiðsins. Þátttakendur í viðtölum höfðu stundað ökunámið og voru ánægð með þetta fyrirkomulag, með viðmót kennarans og hvernig hann nálgast viðfangsefnið. Þeim fannst gott að fá aukinn stuðning og einn þátttakandi sagðist ætla að fara aftur á þetta námskeið áður en hann reyndi við ökuþrófið sjálf.

Íþróttir, sund og dans eru kennd í hinum ýmsu íþróttamannvirkjum höfuðborgarsvæðisins. Í öllum tilfellum er um að ræða sérnámskeið sem ekki eru opin fyrir almenning. Sem dæmi má nefna Dansfélagið Hvönn sem býður upp á sérstaka danstíma fyrir fatlað fólk, bæði í samstarfi við Fjölmennt og á eigin vegum. Í samstarfinu felst fyrst og fremst niðurgreiðsla á námskeiðsgjöldum. Annað dæmi er yoga í Yogasmiðjunni sem er kennt af verktaka á vegum Fjölmenntar sem leigir aðstöðuna af Yogasmiðjunni og er námskeiðið ekki opið almenningi.

Fjölmennt býður upp á tungumálanámskeið í samstarfi við Múltíkúltí – málamiðstöð. Það er lokað námskeið sem fram fer í húsakynnum Múltíkúltí og kennt af kennurum málamiðstöðvarinnar. Námskeiðið er niðurgreitt af Fjölmennt. Leiklist er kennd af verktaka í húsakynnum Mímis símenntunarmiðstöðvar en er ekki formlegt samstarf milli Fjölmenntar og Mímis. Það er lokað námskeið sem er ólíkt öðrum námskeiðum sem í boði eru hjá Mími og er ávinningur staðsetningarinnar óljós. Í nokkrum tilvikum er boðið upp á heilsuræktarnámskeið í mannvirkjum sem ekki eru opin almenningi eins og skólasundlaugum, sjúkráþjálfunarstöð og íþróttahúsi fatlaðra. Ef yfirfærsla náms á daglegt líf er markmið framhaldsfræðslu þá vaknar hér spurning hvort ekki væri árangursríkara að námskeiðin færu fram í mannvirkjum sem

Þátttakendurnir hefðu aðgang að utan námskeiðs eins og til dæmis almenningssundlaugum. Nokkur heilsuræktarnámskeið eru haldin í World Class og Sundhöll Reykjavíkur en í þeim tilfellum þar sem þátttakendur þurfa gott aðgengi og aukinn stuðning þá hefur reynst best að nýta þessa fyrrnefndu aðstöðu því víða er aðgengi að íþróttamannvirkjum mjög slæmt og sérstakir klefar fyrir fatlað fólk jafnvel notaðir sem geymslur (Vala Guðmundsdóttir, 2009). Val Fjölmenntar á staðsetningu námskeiða fyrir þátttakendur sem þurfa mestan stuðning í daglegu lífi undirstrikar hversu óaðgengilegt íslensk samfélag er fyrir þann hóp.

Þátttakendur í viðtölum höfðu bæði sótt námskeið í húsakynnum Fjölmenntar og annarra símenntunarstöðva en enginn hafði reynslu af að sækja almenn símenntunarnámskeið án aðgreiningar. Staðsetning námskeiða skipti þá almennt ekki máli nema í þeim tilfellum sem þeir þurftu að ferðast langt til að komast þangað eða taka marga strætisvagna. Einn þátttakandi hafði fengið að sitja almennt símenntunarnámskeið sem var ekki á vegum Fjölmenntar sem gestur. Hann skilaði ekki verkefnum, lauk engum prófum og var ekki formlega skráður. Hann var hins vegar þátttakandi í umræðum og þeirri verklegu vinnu sem fram fór í kennslustundunum. Hann viðurkenndi að hann dreymdi um að klára námið og „vera alvöru nemandi en þetta er betra en ekki neitt“.

Ásókn og ánægja fólks með þroskahömlun og einhverfu í námskeið Fjölmenntar er mikil enda eru þau á talsvert hagstæðara verði en sambærileg námskeið á vegum almennra símenntunarstöðva og líkamsræktarstöðva. Það er niðurstaða þessarar úttektar að Fjölmennt stuðlar samtímis að aðgreiningu og þátttöku fólks með þroskahömlun og einhverfu í samfélaginu. Útvistun lokaðs námskeiðahalds mun að mati matsaðila ekki hafa sömu áhrif og staðsetning starfsbrauta í framhaldsskólum. Í framhaldsskólum dvelja nemendur allan daginn og eru hluti af skólasamfélagi og félagslífi en það er almennt ekki mikið félagslíf í símenntunarstöðvum, tímasókn yfirleitt lítil og óalgengt að fólk sækji námskeið ár eftir ár. Fjölmennt virðist að einhverju leyti skapa fólki með þroskahömlun og einhverfu vettvang félagslegrar þátttöku eða eins og einn þátttakandinn komst að orði: „Þið [Fjölmennt] gætuð verið með félagsmiðstöð fyrir fatlaða svo við gætum hist og spjallað, spilað og fleira frekar en að vera ein heima“ – enda sögðu 40 svarendur að helsta ástæða þess að þeir sæktu námskeið hjá Fjölmennt væri

til að kynna nýju fólki, hitta vini og félagi eða kennara. Nánar verður fjallað um félagsstarf Fjölmenntar í kaflanum um önnur verkefni (kafla 6).

5.5. Áhrif COVID-19 á námskeiðahald Fjölmenntar

Heimsfaraldur af völdum COVID-19 sjúkdómsins hafði áhrif á starfsemi Fjölmenntar líkt og samfélagið í heild. Fjölmennt hafði takmarkaða reynslu fyrir heimsfaraldurinn af fjarnámi en kennarar miðstöðvarinnar brugðust skjótt við, öfluðu sér tækniþekkingar og buðu upp á námskeið í fjarnámi. Einn fjórði af svarendum í spurningakönnun (n=25) sagðist hafa þurft að hætta í námskeiðum vegna COVID-19 takmarkana eða veikinda. Flestir (n=52) þurftu ekki að hætta og sex gátu ekki svarað spurningunni. Stefnt er að því að halda fjarnámi áfram þrátt fyrir að nú sjái fyrir enda faraldursins.

Kennarar og starfsfólk Fjölmenntar sem tóku þátt í rýnihópi lýstu hvernig mögulegt hefði verið að hólfa húsnæði Fjölmenntar við Vínlandsleið niður og halda þannig áfram kennslu. Þátttakendur í viðtalshluta rannsóknarinnar lýstu því hins vegar hvernig starfsmenn á heimilum þeirra hefðu í einhverjum tilfellum ekki viljað að þeir stunduðu Fjölmennt vegna hræðslu við smit og að verndaðir vinnustaðir og hæfingarstöðvar hefðu lagt áherslu á að þeir þyrftu annaðhvort að sækja vinnu/hæfingu eða Fjölmennt. Þetta hefði orðið til þess að einhverjir hættu við að sækja námskeið, hættu eða tóku sér hlé. Þátttakandi í viðtalshluta rannsóknarinnar bjó í eigin íbúð og starfaði á almennum vinnumarkaði og hafði hvorki þurft að hætta þátttöku í námskeiðum hjá Fjölmennt né greinst með COVID-19 smit.

Ekki gátu allir sem þurftu að hætta í námskeiðum vegna COVID-19 nýtt sér þá fjarkennslu sem í boði var. Fyrir því virðast vera nokkrar ástæður. Í fyrsta lagi hafi viðkomandi ekki kunnað að nota fjarkennsluforritin og ekki getað fengið aðstoð heima fyrir. Í öðru lagi hafi viðkomandi ekki átt nægilega góða tölvu eða snjalltæki. Einn þátttakandi í viðtölum sagðist hafa verið lengi að finna út hvernig hann ætti að stilla Zoom, „en svo bara allt í einu gat ég þetta og gat farið í tímana mína. Það var það eina sem ég hafði. Ég var alveg innilokaður“. Annar þátttakandi í viðtölum sagðist hafa þurft að hætta að mæta í vinnuna og ekki tekið þátt í námskeiðum

Fjölmenntar af því að hann hefði verið í verndarsóttkví. „Mér fannst fatlað fólk alveg gleymast á fundunum. Alltaf verið að tala um að framhaldsskólanemendur þyrftu að komast á ball og að gamla fólkið þyrfti að læra á spjaldtölvur. Hvað með fatlaða fólkið? Við þurfum líka að læra á tæknina. Ég bara einangraðist alveg og gat ekki talað við neinn,“ sagði þátttakandinn.

5.6. Þátttakendur í geðræktarnámskeiðum

Árið 2021 bauð Fjölmennt upp á 19 námskeið sem ætluð voru fólki með geðrænar áskoranir. Eins og fram hefur komið þá náðist ekki næg þátttaka meðal þessa hóps í spurningakönnun og því mikilvægt að gera sérstaka úttekt á geðræktarnámskeiðum Fjölmenntar. Reynt var að hringja í og senda tölvupóst á 69 einstaklinga sem hafa sótt geðræktarnámskeið á undanförunum misserum. Svo virðist sem fáir tengi geðræktarnámskeiðin við Fjölmennt en mörg þeirra eru kennd utan húsnæðis Fjölmenntar. Haft var samband við þrjá deildarstjóra/forstöðumenn sem starfa í búsetuþjónustu fyrir fólk með geðraskanir og þeir bentu á að ýmislegt annað væri í boði fyrir þennan hóp eins og Bataskólinn, Hlutverkasetur, Hringsjá og Hugarafll og þar af leiðandi ekki allir sem hefðu áhuga eða tíma til að sækja líka námskeið Fjölmenntar. Einnig var bent á Vin-athvarf sem er dagsetur fyrir fólk með geðraskanir í Reykjavík og býður upp á fjölbreytta dagskrá sem notendur taka sjálfir þátt í að móta. Ýmis önnur dagþjónusta er í boði fyrir þennan hóp á höfuðborgarsvæðinu en fáir eru á vinnumarkaðnum. Hópurinn sem hefur nýtt sér geðræktarnámskeiðin er fámennur og yfirleitt alltaf sama fólkið. Helsta gagnrýnin sem starfsmenn búsetuþjónustunnar lögðu fram var hversu einhæft námskeiðsframboð Fjölmenntar – geðræktar væri milli anna og ára. Það væri jafnvel boðið upp á sömu námskeið á haust- og vorönn og allt innihald svipað ár eftir ár. Einn starfsmaður sagði: „Þeir eiga orðið mörg viðurkenningarskjöl úr sama námskeiðinu.“

Starfsmenn búsetuþjónustunnar sögðu að fólkið sem hefði sótt geðræktarnámskeiðin væri á misjöfnum stað hvað varðar aldur, færni og væntingar. Sumir hefðu mikinn áhuga á að læra meira og „komast áfram í lífinu“, eins og einn þeirra komst að orði. Þar sem námskeið Fjölmenntar væru hins vegar ekki metin til eininga í framhaldsskólum hefðu einhverjir hætt og reynt frekar fyrir sér í skólakerfinu. Aðrir hefðu áhuga á komast út á vinnumarkaðinn og


töldu starfsmennirnir líklegt að Fjölmennt myndi höfða betur til þessa hóps ef boðið væri upp á atvinnutengd námskeið og starfsþjálfun. Tímstundir, heilsurækt og sérstök geðræktarnám-skeið væru í boði víða á höfuðborgarsvæðinu og ekki endilega forgangsatriði að þau væru einnig í boði hjá Fjölmennt.

Þeir kennarar og starfsfólk Fjölmenntar sem tóku þátt í rýnihópi töldu ólíklegt að fólk með geðraskanir samsamaði sig fólki með þroskahömlun og einhverfu. Þrátt fyrir að í báðum tilfellum væri um að ræða fatlaða einstaklinga með takmarkaða skólagöngu væri ekki sjálfgefið að þessir hópar ættu samleið. Starfsmenn búsetuþjónustunnar tóku í sama streng og bentu á að fólk sem væri að takast á við geðrænar áskoranir væri ekki einsleitur hópur. Þar á meðal væru einstaklingar sem ættu erfitt með að sættast við veikindi sín og samsömuðu sig ekki öðru fötluðu fólki. Þar af leiðandi væri erfitt fyrir þá að sækja námskeið sem væru sérstaklega ætluð fólki sem væri skilgreint með geðrænan vanda í símenntunarstöð sem væri eingöngu með námskeið fyrir fatlað fólk. Einnig er vert að taka fram að fólk með þroskahömlun er ekki eingöngu jaðarsett í íslensku samfélagi heldur einnig í hagsmunabaráttu fatlaðs fólks. Því er sjaldan boðin þátttaka og yfirleitt frekar sóst eftir álitum fagfólks og foreldra heldur en þeirra sjálfra (Kristín Björnsdóttir og Steindór Jónsson, 2015). Þess vegna er mikilvægt að taka ekki undir og styrkja fordóma í garð fólks með þroskahömlun en á sama tíma sýnir þessi staða að aðgreind úrræði geta stuðlað að enn frekari jaðarsetningu fólks. Þessi staða væri líklega önnur ef þjónusta Fjölmenntar stæði öllum til boða.

Fólk með þroskahömlun á bæði aðalfulltrúa og varafulltrúa í stjórn Fjölmenntar sem eru tilnefndir af Landssamtökunum þroskahjálpi. Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2007) er sérstaklega fjallað um samráð (gr. 4.3 og gr. 33.3) og víða í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Það er ekki nóg að tryggja fulltrúum þessara hópa aðgang að stjórninni heldur þarf að tryggja að þeir fái þá aðstoð sem þeir þurfa til að taka virkan þátt sem stjórnarmeðlimir. Í því samhengi er hægt að benda á leiðbeiningar um hvernig best er að tryggja virkt samráð við fatlað fólk sem byggja á tilmælum Eftirlitsnefndar á vegum Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks um samráð (Gísli Björnsson o.fl., 2019). Þessar leiðbeiningar eru öllum aðgengilegar á netinu.

Skoða þarf með gagnrýnum hætti hvort raddir allra, fólks með þroskahömlun, einhverfu og geðrænar áskoranir, heyrir innan stjórnar Fjölmenntar.

Fólk sem hefur verið greint með geðraskanir er einn stærsti hópur þeirra sem fengu greiddan örorkulífeyri árið 2015 (Guðný Bergþóra Tryggvadóttir o.fl., 2016) og mikilvægt að afla frekari upplýsinga um hvernig það vill að sú símenntun sem er sérstaklega ætluð því sé skipulögð. Ekki er hægt að koma með tillögur að úrbótum án þess að hafa samráð við fólk þetta sjálf þó svo að samtöl við starfsfólk búsetuþjónustunnar hafi gefið ákveðnar vísbendingar um hvað betur mætti fara.



6. Önnur verkefni

Eins og fram hefur komið virðist Fjölmennt ekki eingöngu vera símenntunarmiðstöð heldur einnig vettvangur félagslegra samskipta. Á hverju vori er haldin vorhátíð Fjölmenntar með þriggja rétta matseðli, dansleik og happdrætti (Fjölmennt, e.d.-h). Þetta er vinsæl hátíð eða árshátíð og töluðu margir þátttakendur símakönnunarinnar um að þeir væru spenntir fyrir næstu vorhátíð en aflýsa þurfti hátíðinni 2020 og 2021 sökum COVID-19 takmarkana. Auk vorhátíðarinnar heldur Fjölmennt tónleika tvisvar á ári þar sem fram koma þátttakendur á tónlistarnámskeiðum Fjölmenntar. Þátttakendur í símakönnun og viðtölum sögðust oft reyna að mæta á þessa tónleika, hvort sem þeir hefðu sótt tónlistarnámskeið eða ekki. Starfsfólk Fjölmenntar greindi frá því að mikið hefði verið hringt á skrifstofuna á vorönn 2022 til að spyrjast fyrir um vorhátíðina og eftirvæntingin mikil. Einn þátttakandi í símakönnun sagði: „Þú mátt segja þeim [Fjölmennt] að það er kominn tími til að halda ball.“

Fjölmennt er einnig aðili að hátíðinni List án landamæra og hefur átt fulltrúa í stjórn hennar frá byrjun. Hátíðin getur ekki talist til hefðbundinnar framhaldsfræðslu samkvæmt lögum en hefur náð að skapa sér sess í íslensku menningarlífi. Þátttakendur í námskeiðum Fjölmenntar hafa í gegnum tíðina verið meðal þeirra listamanna sem sýna eða koma fram á hátíðinni og hafa kennarar og stjórnendur tekið að sér að sitja yfir sýningum, undirbúa atriði og styðja við listafólkið.

6.1. Eldri verkefni

Fjölmennt hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum á undanförunum árum sem ekki falla undir lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Ekki verður gerð grein fyrir öllum þeim verkefnum sem Fjölmennt hefur komið að heldur aðeins minnst á nokkur sem hefðu sjálfsagt ekki orðið að veruleika nema með aðkomu símenntunarstöðvarinnar. Fyrst ber að nefna starfstengt diplómunám fyrir fólk með þroskahömlun sem er innan hins almenna skólakerfis. Frá 2007 til 2014 tók Fjölmennt þátt í að greiða laun verkefnastjóra við námsleiðina. Framlag Fjölmenntar var nauðsynlegur stuðningur við námið sem féll ekki undir lög um háskóla nr. 63/2006 þar sem

stúdentspróf er inntökuskilyrði. Þegar námið hafði fest sig í sessi tók Háskóli Íslands alfarið að sér fjármögnun og umsjón þess. Til loka árs 2021 tilheyrðu málefni háskóla og framhaldsfræðslu undir Mennta- og menningarmálaráðuneyti og því sami ábyrgðar- og fjármögnunar- aðili. Með nýrri ríkisstjórn fluttist háskólinn í nýtt ráðuneyti háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar en framhaldsfræðslan fór undir Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti. Grunn- og framhaldsskólar heyra nú undir Mennta- og barnamálaráðuneytið sem þýðir að ábyrgð menntunar fatlaðra deilist nú á þrjú ráðuneyti sem hlýtur að hafa í för með sér einhverjar breytingar á fjármögnun verkefna og skapar nýtt landslag fyrir stjórn Fjölmenntar.

Samkvæmt starfsfólki og kennurum Fjölmenntar hefur símenntunarstöðin verið í löngu og góðu samstarfi við Landssamtökin Þroskahjálp. Fjölmennt hélt námskeið, að frumkvæði Þroskahjálpar, í þáttagerð fyrir sjónvarp árið 2010 og í kjölfarið hófst framleiðsla á þáttunum *Með okkar augum* sem sýndir hafa verið á RÚV. Þættirnir eru unnir af fólki með þroskahömlun í samvinnu við fagfólk í sjónvarpsþáttagerð og styrkti Fjölmennt gerð þáttanna með því að greiða laun aðstoðarmanns til ársins 2016. Þrátt fyrir að námskeiðið falli undir framhaldsfræðslulögin þá gerir fjárhagsstuðningur við framleiðslu þáttanna það ekki. Hins vegar má vel færa rök fyrir því að hér skarist framhaldsfræðsla við vinnumarkaðinn og er það von skýrslu- höfunda að nýtt ráðuneyti félags- og vinnumarkaðs eigi eftir að styðja við fleiri verkefni í nánustu framtíð þar sem framhaldsfræðsla leiðir til raunverulegra atvinnutækifæra eða starfsþróunar.

Á heimasíðu Fjölmenntar kemur fram að símenntunarstöðin hafi annast kynningu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í formi sendiherraverkefnis. Það felst í samstarfi við Landssamtökin Þroskahjálp og var verkefnið í upphafi styrkt af PROGRESS-áætlun Evrópusambandsins og síðar með samningi við Velferðarráðuneytið. Verkefnið stóð frá 2011 til 2019, vakti talsverða athygli (Gísli Björnsson, 2016; Gísli Björnsson, Ína Valsdóttir, Þorvarður Karl Þorvarðsson, Skúli Steinar Pétursson, María Þ. Hreiðarsdóttir og Þórey Rut Jóhannesdóttir, 2018; Skúli Steinar Pétursson, 2016) og héldu sendiherrarnir kynningar allt til ársins 2021 í samvinnu við Fjölmennt. Þetta verkefni getur ekki talist vera framhaldsfræðsla samkvæmt fyrrnefndum lögum. Þrátt fyrir að Fjölmennt hafi verið framkvæmdaaðili að þessu verkefni þá var það ekki fjármagnað með framlögum ríkis til framhaldsfræðslu heldur af hálfu Velferðarráðuneytis. Nánari upplýsingar um önnur verkefni Fjölmenntar má finna á heimasíðu

7. Nýting og dreifing fjármagns

Í þessari úttekt átti að meta hvernig fjármagn sem veitt er til þjónustunnar af hálfu ríkis er nýtt og hvernig dreifingu fjármagns til annarra aðila er háttað. Samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 sér Fræðslusjóður um að ráðstafa þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (e.d.) annast umsýslu sjóðsins og sér um að úthluta framlögum ríkisins til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald, til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf og styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu (gr. 10). Fræðslusjóður sér aftur á móti ekki um að úthluta fjármagni til Fjölmenntar heldur gerði Mennta- og menningarmálaráðuneytið sérstakan þjónustusamning við Fjölmennt um ráðstöfun á rekstrarframlagi í fjárlögum.

Nýjasti þjónustusamningur ríkisins við Fjölmennt er samningur frá 2015–2017 en hann hefur verið framlengdur óbreyttur til loka árs 2021 (Fjölmennt, e.d.-g). Samkvæmt Helgu Gísladóttur forstöðumanni Fjölmenntar hefur ráðuneytið ekki svarað ítrekuðum óskum stjórnar miðstöðvarinnar um að samningurinn verði endurskoðaður og í raun óásættanlegt að slíkt hafi verið látið viðgangast svo lengi sem raun ber vitni.

Í þjónustusamningnum er kveðið á um að Fjölmennt skuli starfa með öðrum símenntunaraðilum:

- Fjölmennt á rétt á að kaupa þjónustu af verktökum vegna afmarkaðra þátta í rekstri miðstöðvarinnar, en slík kaup leysa hana þó ekki undan ábyrgð á framkvæmd samningsins. Skal ekki gera minni kröfur til verktaka en gerðar eru til Fjölmenntar í samningi þessum.
- Stuðla að því að aðrir símenntunaraðilar bjóði námskeið sem henta fötluðu fólki og aðstoða við að setja upp slík námskeið til að auka fjölbreytileika og gæði.
- Vinna að því að námstilboð þessara aðila séu í samræmi við hugmyndafræði samskipunar og blöndunar. Niðurgreiða námskeið þannig að fatlað fólk greiði ekki meira fyrir námið en aðrir, að teknu tilliti til styrkja til þátttakenda.
- Fylgjast með gæðum náms sem þessum hópi er boðið. (gr. 1.2.2)

Eins og fram hefur komið hefur Fjölmennt bæði keypt þjónustu af verktökum og verið í samstarfi við aðrar símenntunarstöðvar. Eins og fram kemur í kafla 5.4 þá er um að ræða lokuð námskeið og sum þeirra í húsnæði sem ekki er opið almenningi. Önnur eru hins vegar kennd af fræðsluaðilum sem standa fyrir almennu námskeiðahaldi og má því færa rök fyrir því að námstilboðin séu í samræmi við hugmyndafræði samskipunar og blöndunar. Skýrsluhöfundar vilja ítreka að þetta orðalag og hugmyndafræði samræmist hvorki samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2007) né því orðalagi sem birtist í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Inngildandi framhaldsfræðsla án aðgreiningar hlýtur að vera markmið ráðuneytis og Fjölmenntar.

Fjölmennt hefur stuðlað að því að símenntunaraðilar á landsbyggðinni bjóði námskeið sem henta fötluðu fólki með því að úthluta símenntunarmiðstöðvum fjármagni til framhaldsfræðslu. Í þjónustusamningi Fjölmenntar við Mennta- og menningarmálaráðuneyti er ekki fjallað um greiðslur til símenntunarstöðvanna og þar af leiðandi er úthlutunin ekki skilgreind og engin regla um hversu mikið af framlagi Fjölmenntar eigi að fara til þeirra. Í samningnum er því ekkert sem hægt er að styðjast við varðandi skiptingu fjármuna á milli stöðva og hefur því verið brugðið á það ráð að gera fylgiskjal við þjónustusamninginn til að tryggja fötluðu fólki á landsbyggðinni framhaldsfræðslu. Ólíklegt er að slíkt fylgiskjal hefði lagalegt gildi ef á það yrði látið reyna.

Fjölmennt fær á fjárlögum 267 milljónir króna en dreifir um 50 milljónum á milli símenntunarstöðvanna. Í fylgiskjali við þjónustusamning kemur fram að lögð sé „áhersla á að skipta fjármagni milli símenntunarstöðva í samræmi við fjölda fatlaðs fólks á hverju svæði auk þess sem tekið er tillit til landfræðilegra aðstæðna“ (Fjölmennt, e.d.-h). Ekki er hægt að fara eftir tölulegum upplýsingum um fjölda öryrkja á hverju landsvæði þegar úthluta á fjármagni til símenntunarstöðvanna þar sem þjónusta Fjölmenntar er eingöngu ætluð þeim sem þurfa sérstaka aðstoð í námi og geta ekki nýtt sér önnur námstækifæri. Sennilega eru tölulegar upplýsingar um þennan hóp vandfundnar. Samkvæmt upplýsingum frá Helgu Gísladóttur hefur stjórn Fjölmenntar lagt töluverða vinnu í að meta stöðuna og reynt að skipta fjármagni á sem sanngjarnastan máta en slíkt verður ávallt háð túlkun hverju sinni þar sem engar leiðbeiningar fylgja um hvernig skiptingu skuli háttað.

Í *Töflu 5* má sjá þrjár mismunandi útgáfur af hvernig hægt er að skipta fjármagni milli stöðva og er viðmiðunarárið 2020 en þessar upplýsingar fengust hjá forstöðumanni Fjölmenntar. Í fyrsta lagi er úthlutun Fjölmenntar árið 2020. Í öðru lagi er um að ræða úthlutun til símenntunarstöðvanna ef farið væri eftir fjölda fatlaðs fólks á mismunandi landsvæðum samkvæmt Jöfnunarsjóði. Hafa ber í huga að skilgreining Jöfnunarsjóðs á fötluðu fólki og skilgreining Fjölmenntar á markhópi sínum er ekki sú sama. Í þriðja lagi er um að ræða úthlutun miðað við Jöfnunarsjóði. Hafa ber í huga að skilgreining Jöfnunarsjóðs á fötluðu fólki og skilgreining Fjölmenntar á markhópi sínum er ekki sú sama. Í þriðja lagi er um að ræða úthlutun miðað við íbúafjölda viðkomandi landsvæðis. Upphæðirnar hafa verið merktar með örvum, (↑) ef þær hækka miðað við úthlutun Fjölmenntar og (↓) ef þær myndu lækka.

Tafla 5. Þrjár mismunandi leiðir til að dreifa fjármagni til símenntunarstöðva á landsbyggðinni.

	Hlutfall Jöfnunarsjóðs	Úthlutun skv. Jöfnunarsjóði	Fjölmennt Úthlutun 2020	Íbúafjöldi	Hlutfall íbúafjölda	Úthlutun skv. íbúafjölda
Farskólinn, N-vestra	8,0%	4.312.000 ↑	2.000.000	7.410	5,6%	3.021.000 ↑
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	6,9%	3.719.100 ↑	3.000.000	7.090	5,4%	2.891.000 ↓
Fræðslunet Suðurlands	21,9%	11.804.100 ↓	15.500.000	27.030	20,4%	11.020.000 ↓
MSS – Suðurnes	10,9%	5.875.100 ↑	4.500.000	28.120	21,3%	11.465.000 ↑
Sím. Vesturlandi	8,9%	4.797.100 ↑	4.500.000	16.730	12,7%	6.821.000 ↑
Símey	30,9%	16.655.100 ↓	17.200.000	25.560	19,3%	10.421.000 ↓
Viska	1,9%	1.024.100 ↓	1.500.000	4.360	3,3%	1.778.000 ↑
Austurbrú	5,8%	3.126.200 ↓	4.000.000	10.860	8,2%	4.428.000 ↓
Þekkingarnet Þingeyinga	4,8%	2.587.200 ↑	1.700.000	5.040	3,8%	2.055.000 ↑
•	100,0%	53.900.00	53.900.000	132.200	100%	53.900.000

Forstöðumaður Fjölmenntar, Helga Gísladóttir, telur ákjósanlegast að ráðuneytið eða Fræðslusjóður sjái um að dreifa fjármagni til þeirra símenntunarstöðva sem sinna framhaldsfræðslu fyrir fatlað fólk. Helga telur sanngjarnast að fjármagni sé dreift samkvæmt úthlutunarreglum Fræðslusjóðs sem byggja á staflíð b í 9. grein laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2014). Stjórn Fjölmenntar hefur ekki farið varhluta af óánægju símenntunarstöðva með skiptingu fjármagns milli landsvæða en stærri miðstöðvarnar, Símei á Akureyri og Fræðslunetið á Suðurlandi hafa fengið hærra framlag en aðrar stöðvar. Þessar símenntunarstöðvar voru áður útibú af Fjölmennt en Símei sem er almenn símenntunarstöð tók yfir starfsemina árið 2009 og sameinaðist útibúið á Suðurlandi Fræðslunetinu árið 2012. Þegar þessar breytingar áttu sér stað var tekin ákvörðun í stjórn Fjölmenntar að framlag til þeirra héldist óbreytt en var lækkað um 25% árið 2013 þegar skipulag Fjölmenntar og úthlutun fjármagns var endurskoðað. Aðrar símenntunarmiðstöðvar hafa einnig vaxið og til dæmis hefur Símenntunarstöðin á Vesturlandi verið með svipaðan þátttakendafjölda og Símei á síðustu árum en fær eingöngu úthlutað þriðjungi þeirrar upphæðar sem Símei fær. Ef reglur um dreifingu fjármagns eru skýrar og rökstuddar má koma í veg fyrir óánægju með skiptingu fjármagns milli landsvæða.

Samkvæmt þjónustusamningnum er Fjölmennt ætlað að fylgjast með gæðum náms sem „þessum hópi“ er boðið en óljóst er hver þessi hópur er. „Markhópur Fjölmenntar er [fatlað] fólk sem þarfnast sérstaks stuðnings til náms sökum fötlunar sinnar og getur ekki nýtt sér nám annars staðar“ (Fjölmennt, e.d.-h). Markhópur Fjölmenntar er sá sami og hjá fyrirrennara miðstöðvarinnar, Fullorðinsfræðslu fatlaðra, og frá upphafi hefur verið litið svo á að símenntunarstöðin væri fyrir fólk með þroskahömlun og fólk á einhverfurófi. Árið 2003 var farið af stað með tveggja ára tilraunaverkefni þar sem boðið var upp á nám fyrir fólk sem var að takast á við geðrænar áskoranir í samstarfi við Geðhjálp. Var þetta tilraunaverkefni fjármagnað sérstaklega af Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Að tveimur árum loknum fékkst ekki áframhaldandi framlag til starfseminnar en henni var engu að síður haldið áfram. Árið 2016 var að beiðni Geðhjálpar farið fram á að Ríkisendurskoðun skoðaði skiptingu fjármagns milli fötlunarhópa. Stjórn Geðhjálpar taldi að þar sem skilgreining á markhópi Fjölmenntar væri óljós ætti fólk með geðröskun rétt á hærra framlagi til námskeiðahalds. Niðurstaðan var sú að


Ríkisendurskoðun gerði engar athugasemdir við skiptingu fjármagns. Þjónustusamningurinn er óskýr og almennur og nauðsynlegt að skilgreina markhópana betur. Fjölmennt hefur ekki fengið aukaúthlutun vegna geðræktarnámskeiða síðan 2005 en engu að síður haldið áfram að bjóða upp á þau. Fjölmennt og samstarfsaðilar á landsbyggðinni hafa einnig veitt stöðum eins og Plastiðjunni Bjargi lðjulundi á Akureyri, Miðjunni á Húsavík og hjúkrunarheimilinu Fellsenda í Búðardal fjármagn fyrir framhaldsfræðslu fólks sem tekst á við geðrænar áskoranir.

Óljóst er hvort Fjölmennt er ætlað að fylgjast með gæðum náms hjá öllum þeim sem bjóða upp á nám fyrir þennan markhóp eða eingöngu hjá samstarfsaðilum sínum. Þjónustusamningurinn er óskýr og almennur og gerir matsaðilum erfitt fyrir þegar meta á starfshætti Fjölmenntar. Fjölmennt gerir þá kröfu á símenntunarstöðvarnar að þær skili skýrslum eftir hverja önn þar sem fram kemur hvaða námskeið voru kennd og hverjir stóðu að þeim. Símenntunarstöðvarnar fá ekki úthlutað fjármagni fyrr en þær hafa skilað þessum skýrslum og er það liður í að fylgjast með gæðum námsins. Ráðgjafar Fjölmenntar bjóða símenntunarstöðvunum einnig ráðgjöf og fylgjast þannig með starfsemi þeirra og gæðum námsins. Auk þess eru ráðgjafar Fjölmenntar í reglulegum samskiptum við Félagsþjónustuna sem hefur komið með ábendingar varðandi gæði framhaldsfræðslu, framboð og eftirspurn. Skýrsluhöfundar leggja til að Fjölmennt afli markvisst upplýsinga frá þátttakendum í námskeiðum fyrir fatlað fólk á landsbyggðinni til að tryggja að gæði náms samræmist væntingum þeirra.

Það er niðurstaða þessarar úttektar að endurskoða þurfi heildarframlög til Fjölmenntar og óásættanlegt að úthlutun til miðstöðvarinnar hafi eingöngu hækkað um tæp 5% frá árinu 2009. Augljóst er að hækkun á kostnaði hefur verið miklu meiri á þessum 12 árum. Þetta hefur haft í för með sér mikla skerðingu á þjónustu til þátttakenda en fyrir árið 2014 gat hver einstaklingur tekið þátt í allt að tveimur námskeiðum á ári en skólaárið 2021–2022 stendur sumum aðeins til boða hálf námskeið. Gjaldahækkun árið 2022 vegna launaskriðs er um 14 milljónir króna og til samanburðar má benda á að skólar innan skólakerfis fá þessa hækkun bættu, en ekki Fjölmennt sem er símenntunarstöð. Þessar auknu fjárhagslegu byrðar sem leggjast á starfsemina hafa komið í veg fyrir ráðningar starfsmanna hjá miðstöðinni sem hefur þurft að reiða sig í auknum mæli á verktaka. Eins og gefur að skilja er ekki hægt að tryggja

sömu gæði á þjónustu með aðkeyptum námskeiðum og getur það verið hindrandi fyrir þróun þjónustunnar varðandi námskeiðahald og ráðgjöf.


Úttektaraðilar gera engar athugasemdir við nýtingu eða dreifingu fjármagns enda tiltölulega stutt síðan Ríkisendurskoðun skoðaði það sérstaklega í samhengi við geðræktarnámskeiðin. Það er hins vegar ljóst að þær miklu skerðingar sem Fjölmennt hefur þurft að sæta síðan 2009 hafa haft áhrif á framboð námskeiða en miðstöðin nær ekki að anna eftirspurn.



8. Samantekt á heildarniðurstöðum og úrbætur

Í rannsókninni var tilgangurinn að greina þá þjónustu sem Fjölmennt býður upp á, hvernig hún kemur til móts við eftirspurn og þarfir umsækjanda og hvernig hún nýtist. Eins og fram kemur í niðurstöðum þá var meirihluti þátttakenda úr hópum fólks með þroskahömlun og fólks með einhverfu ánægður með þjónustuna og er mannauður Fjölmenntar einn hennar helsti styrkleiki. Mikil ánægja er með kennara og hefðu flestir viljað komast á fleiri námskeið. Svo virðist sem flestir þátttakendur líti á Fjölmennt fyrst og fremst sem tómstund en ekki sem lið í starfsþróun eða undirbúningi undir frekara nám. Niðurstöður rannsóknarinnar vekja spurningar um hvort tómstundanámskeið geti flokkast undir framhaldsfræðslu. Jakob F. Þorsteinsson (2017) hefur fært rök fyrir menntunargildi tómstunda sem að hans mati ætti að flokkast sem menntun utan skólakerfis, þannig að ef tómstundir falla ekki undir framhaldsfræðslu sem slíka þá eru tómstundir samkvæmt hugmyndum Jakobs samhliða framhaldsfræðslu í menntakerfinu sem menntun utan skólakerfis. Vanda Sigurgeirsdóttir (2010) hefur bent á mikilvægi tómstunda fyrir okkur öll og hvernig þátttaka í tómstundum hefur áhrif á vellíðan og aukin lífsgæði. Það er því ljóst að tryggja þarf aðgengi fatlaðs fólks að tómstundum til jafns við aðra líkt og 30. gr. Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2007) kveður á um.

Niðurstöður úttektarinnar afhjúpa jaðarsetningu fólks með þroskahömlun og einhverfu í íslensku samfélagi og þá sérstaklega þeirra sem þurfa mikinn stuðning í daglegu lífi. Það menningarlíf, tómstunda- og líkamsræktarstarf sem ætlað er almenningi er ekki aðgengilegt öllum. Ströng færniviðmið og íþyngjandi þátttökukostnaður útilokar þennan hóp fólks frá því starfi sem í boði er. Sömu sögu má segja um þá framhaldsfræðslu sem ekki er skipulögð sérstaklega fyrir þau. Fjölmennt samtímis viðheldur aðgreiningu fatlaðs fólks í íslensku samfélagi og skapar vettvang félagslegra samskipta. *Mynd 11* er fiskibeinarit sem ætlað er að draga saman og skýra af hverju þátttakendur í námskeiðum hjá Fjölmennt nýta sér ekki almenn tilboð.



Mynd 11. Af hverju nýta þátttakendur sér ekki almenn tilboð?

Þær tilraunir sem Fjölmennt hefur gert til að tengjast vinnumarkaðnum hafa verið árangursríkar eins og lýst var í niðurstöðum hér að framan. Ef Fjölmennt ætlar að starfa samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 þá verður miðstöðin að gera enn betur varðandi tengingu við vinnumarkað sem er mjög brýnt fyrir markhóp Fjölmenntar. Aðkoma vinnumarkaðs og stéttarfélaganna getur verið í tengslum við stjórnarsetu, námskeiðahald og starfsþjálfun til að nefna einhver dæmi. Gagnlegt væri að stofna vinnuhóp um atvinnuþátttöku og framhaldsfræðslu fatlaðs fólks sem hefði þá m.a. það markmið að styrkja tengsl Fjölmenntar við vinnumarkað.

Eins og fram hefur komið er mannauður Fjölmenntar einn hennar helsti styrkleiki og á það ekki síst við um ráðgjafateymi miðstöðvarinnar. Starfsfólk ráðgjafardeildar hefur sýnt frumkvæði í að ná til heimila þátttakenda í námskeiðum og aðstoðarfólks þeirra. Það er niðurstaða þessarar úttektar að vert er að styðja enn frekar við þessa starfsemi en mögulega má nýta hana betur til að greiða götu markhóps Fjölmenntar að námskeiðum hjá almennum símenntunarstöðvum. Einnig er mikilvægt að efla náms- og starfsráðgjöf samanber lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.

Í rannsókninni var tilgangurinn að skoða stjórnsýslu Fjölmenntar út frá lögum en það er niðurstaða úttektaraðila að starfsemi Fjölmenntar, kennsla og ráðgjöf telst vera framhaldsfræðsla

eins og hún er skilgreind í lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Lögin sem slík eru ekki útilokandi fyrir fólk með þroskahömlun, einhverfu eða fólk sem tekst á við geðrænar áskoranir. Það yrði samt sem áður stórt skref í átt að jafnrétti til náms að bæta við grein sem sérstaklega kveður á um réttindi nemenda með sérþarfir líkt og 17. gr. laga um grunnskóla (nr. 91/2008) en þar stendur: „Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillit til líkamlegs eða andlegs atgervis.“

Mikilvægt er að tryggja þátttakendum í námskeiðum hjá Fjölmennt það að nám þeirra sé metið að verðleikum og það er m.a. hægt að gera með því að votta einstakar námskrár og námskeiðslýsingar. Um slíkt er kveðið á um í lögum um framhaldsfræðslu og væri liður í að tengja Fjölmennt við vinnumarkað. Úttektaraðilar hvetja ráðuneyti og Fjölmennt að virkja einnig hagsmunaaðila skólakerfisins, framhaldsskóla og háskóla, til samstarfs um hvernig best sé að tryggja að nám hjá Fjölmennt verði metið að verðleikum innan skólakerfis.

Þar sem markhópur Fjölmenntar er fatlað fólk þá þarf starf miðstöðvarinnar einnig að taka mið af lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2007) en í báðum tilfellum er mikil áhersla á þátttöku í samfélagi án aðgreiningar. Úttektaraðilar telja að skerðing á starfsemi Fjölmenntar muni hafa það eitt í för með sér að auka félagslega einangrun fatlaðs fólks. Á hinn bóginn er mikilvægt að miðstöðin fari í markvissa vinnu við að styrkja aðrar símenntunarstöðvar með ráðgjöf og stuðningi þannig að þær geti boðið upp á framhaldsfræðslu án aðgreiningar. Það að Fjölmennt sé yfir höfuð til réttlætir upp að vissu marki áhuga- og getuleysi annarra símenntunarmiðstöðva hvað varðar námskeiðahald fyrir alla. Vonandi mun efling almennra símenntunarstöðva hafa í för með sér þær breytingar að Fjölmennt verði fyrst og fremst ráðgjafastöð sem vinnumarkaður og símenntunarstöðvar geta verið í samstarfi við og leitað til.

Þriðja markmið úttektarinnar var að meta hvernig fjármagn sem veitt er til þjónustunnar af hálfu ráðuneytisins er nýtt og hvernig dreifingu fjármagns til annarra aðila er háttáð. Úttektaraðilar hafa engar athugasemdir við nýtingu eða dreifingu fjármagns enda tiltölulega stutt

síðan Ríkisendurskoðun skoðaði það sérstaklega. Úttektaraðilar gera hins vegar alvarlegar athugasemdir við þjónustusamning milli ráðuneytis og Fjölmenntar og það afskiptaleysi sem virðist hafa ríkt um hann og starfsemi miðstöðvarinnar af hálfu ráðuneytis. Nánar má lesa um athugasemdirnar í kafla 7 en í grófum dráttum eru þær eftirfarandi:

- Skoða þarf hvort það sé löglegt að veita fé til framhaldsfræðslu fram hjá Fræðslusjóði sbr. lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.
- Það samræmist ekki lögum né hlutverki Fjölmenntar að úthluta fjármagni til framhaldsfræðslu til annarra símenntunarstöðva.
- Þjónustusamningur milli ríkis og Fjölmenntar er almennur og óljós varðandi markhóp og úthlutun fjármagns.
- Orðalag þjónustusamningsins um blöndun og samskipan samræmist ekki lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2007).
- Það er ámælisvert að þjónustusamningur milli ríkis og Fjölmenntar hafi ekki verið endurskoðaður eða endurnýjaður síðan samningurinn 2015 – 2017 var gerður.
- Það er óásættanlegt að Fjölmennt hafi fengið úthlutað sömu krónutölu síðan 2009 þrátt fyrir augljósar hækkningar á kostnaði eins og til dæmis launakostnaði.

Þegar spurt er hvernig það fjármagn sem veitt er til þjónustunnar af hálfu ráðuneytisins nýtist er nokkuð augljóst að framlagið nýtist verr frá ári til árs. Núverandi staða er sú að mikil skerðing hefur orðið á námskeiðsframboði og kennslustundum fækkað. Einnig hefur Fjölmennt þurft að leita í auknum mæli til verktaka í stað þess að ráða kennara í launuð störf með tilheyrandi réttindum og starfsöryggi. Eins og gefur að skilja er ekki hægt að tryggja sömu gæði á þjónustu með aðkeyptum námskeiðum og getur slíkt fyrirkomulag verið hindrandi fyrir þróun þjónustunnar, bæði varðandi námskeiðahald og ráðgjöf.

Í þjónustusamningi milli Fjölmenntar og ráðuneytis er ekki fjallað um svokölluð geðræktarnám-skeið sem áttu upphaflega að vera tilraunaverkefni til tveggja ára. Það er veikleiki við þessa úttekt að hafa ekki gögn frá þátttakendum á þessum námskeiðum til að styðjast við en samtöl

við starfsfólk í búsetu fyrir fólk með geðrænar áskoranir benda til þess að námskeiðin uppfylli ekki þarfir og langanir þessa hóps. Mikilvægt er að endurskoða þetta samstarf í samráði við hlutaðeigandi markhóp.

Að lokum skal bent á þau tækifæri sem felast í nýrri skiptingu ráðuneyta. Nú fellur framhaldsfræðslan undir Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti sem er sama ráðuneyti og ber ábyrgð á málaflokki fatlaðs fólks og því von um markvisst átak í atvinnumálum og framhaldsfræðslu fyrir þennan hóp. Þessar breytingar marka tímamót sem eru tilvalin fyrir Fjölmennt að endurskilgreina tilgang sinn og þjónustu á gagnrýninn hátt. Fjölmennt þarf að tryggja sérstöðu sína sem símenntunarstöð sem býður upp á þjónustu sem er önnur en sú þjónusta sem aðrar fræðslustofnanir og verndaðir vinnustaðir bjóða upp á. Ef Fjölmennt ætlar að taka þátt í verkefnum á framhaldsskólastiginu eins og til dæmis að bjóða upp á námskeið sem metin yrðu til stúdentsprófs þá þarf að tryggja að fjármagn komi frá Mennta- og barnamálaráðuneyti og sömuleiðis frá Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu, tengist verkefnin háskólastiginu. Varast ber þó að umrædd ráðuneyti varpi ábyrgð sín á milli sem gæti orðið til þess að Fjölmennt geti ekki tekið þátt í mikilvægum verkefnum sem stuðli að aukinni þátttöku fólks með þroskahömlun og einhverfu í íslensku samfélagi. Það er von úttektaraðila að fólki með þroskahömlun og einhverfu verði tryggð framhaldsfræðsla sem byggir á raunverulegu úrvali og fjölbreyttum valkostum en þar spilar Fjölmennt símenntunar- og ráðgjafastöð lykilhlutverk.

8.1. Helstu lærdómar og tillögur til úrbóta

Hér verða dregnar saman tillögur til úrbóta en jafnframt skal bent á að víða í skýrslunni koma fram ýmsar fleiri tillögur frá námskeiðspáttakendum og starfsfólki Fjölmenntar.

Styrkleikar:

- Mikill meirihluti þátttakenda í námskeiðum er ánægður með þjónustu Fjölmenntar.
- Mikill meirihluti þátttakenda í námskeiðum er ánægður með kennara Fjölmenntar.

- Kennsluskra Fjölmenntar er fjölbreytt með námskeiðum í tengslum við sjálfstætt líf, heilsu og lífsleikni, tómsundanámskeið og námskeið sem teljast vera undirbúningur undir frekara nám eða atvinnuþátttöku.
- Skapar fólki með þroskahömlun og einhverfu vettvang fyrir félagsleg samskipti í vel metnum hlutverkum.
- Ráðgjafapjónusta Fjölmenntar hefur haft frumkvæði að kynningu á möguleikum í námi fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi.
- Fjölmennt hefur sinnt markvissu sjálfsmati m.a. með spurningakönnun meðal þátttakenda í námskeiðum.
- Fjölmennt hefur haldið námskeið í samvinnu við aðrar símenntunarstöðvar fyrir sinn markhóp.

Veikleikar:

- Námskeið Fjölmenntar eru takmarkaður undirbúningur undir frekara nám.
- Fjölmennt hefur takmörkuð tengsl við vinnumarkaðinn.
- Í kennsluskra Fjölmenntar eru námskeið sem breytast lítið milli anna og frá ári til árs.
- Námskeið og námsbrautir Fjölmenntar hafa ekki verið vottaðar sbr. lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.
- Aðgreind námskeið Fjölmenntar viðhalda jaðarsetningu fólks með þroskahömlun og einhverfu í íslensku samfélagi.
- Fjölmennt býður ekki upp markvissa náms- og starfsráðgjöf.
- Geðræktarnámskeið Fjölmenntar virðast ekki uppfylla væntingar og þarfir markhópsins.

8.2 Tillögur að úrbótum:

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2007) er sérstaklega fjallað um samráð (gr. 4.3 og gr. 33.3) og víða í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Allar tillögur að úrbótum sem settar eru hér fram gera ráð fyrir að haft verði virkt samráð við fulltrúa markhóps Fjölmenntar.

- Tryggja þarf að val á framhaldsfræðslu byggji á raunverulegum valkostum innan sem utan Fjölmenntar.
- Fjölmennt í samráði við markhóp sinn þarf að skilgreina betur tilgang miðstöðvarinnar og þá þjónustu sem hún veitir.
- Starfsfólk Fjölmenntar þarf að skoða kennsluskrá sína á gagnrýninn hátt og meta hvort námskeið símenntunarstöðvarinnar skarist við verkefni annarra aðila eins og til dæmis íþróttafélaga.
- Niðurstöður úttektarinnar sýna nauðsyn vitundarvakningar um réttindi fatlaðs fólks til framhaldsfræðslu án aðgreiningar og atvinnuþátttöku. Slíkt þarf að skipuleggja í samráði við fatlað fólk.
- Það þarf að endurskoða stjórn Fjölmenntar með tilliti til markhóps og markmiða miðstöðvarinnar.
- Það þarf að styrkja tengsl Fjölmenntar við vinnumarkað í þeim tilgangi að stuðla að aukinni atvinnuþátttöku fatlaðs fólks.
- Það þarf að bjóða upp á námskeið og námsbrautir sem hafa verið vottaðar sbr. lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 í þeim tilgangi að tryggja að nám þátttakenda verði metið að verðleikum.
- Það þarf að vinna með stéttarfélögum að því að viðurkenna námskeið Fjölmenntar sem framhaldsfræðslu þannig að þátttakendur geti fengið námskeið metin til launa.
- Lagt er til að skipaður verði vinnuhópur sem ætlað er að stuðla að aukinni atvinnuþátttöku og framhaldsfræðslu fatlaðs fólks. Tryggja þarf þátttöku fatlaðs fólks í slíkum vinnuhópi.
- Fjölmennt þarf að auka náms- og starfsráðgjöf við fólk með þroskahömlun og einhverfu.

- Bæta þarf ákvæði við framhaldsfræðslulögin um nemendur með sérþarfir til að tryggja þeim nám við hæfi án aðgreiningar.
- Fjölmennt þarf að endurskoða á gagnrýninn hátt aðkomu sína að öðrum verkefnum sem ekki teljast vera framhaldsfræðsla.
- Endurskoða þarf þjónustusamning þar sem hlutverk Fjölmenntar er skilgreint og markhópur miðstöðvarinnar sömuleiðis.
- Gæta þarf að orðalag og hugmyndafræði í þjónustusamningi Fjölmenntar samræmist lögum og alþjóðasamningum.
- Endurskoða þarf aðkomu Fjölmenntar að úthlutun fjármagns. Fræðslusjóði ber að úthluta fjármagni skv. lögum.
- Semja þarf sanngjarnar úthlutunarreglur á fjármagni til símenntunarstöðva sem halda sérstök námskeið fyrir þennan markhóp.
- Tryggja þarf fjármagn til framhaldsfræðslu á landsbyggðinni en athugasemd er gerð við núverandi viðauka við þjónustusamning.
- Endurskoða þarf Fjölmennt – geðrækt í samráði við markhópinn sem er fólk sem er að takast á við geðrænar áskoranir.
- Endurskoða þarf þá upphæð sem veitt er til framhaldsfræðslu fatlaðs fólks.
- Tryggja þarf áframhaldandi starf ráðgjafardeildar Fjölmenntar sem forsendu þess að hægt verði að stuðla að framhaldsfræðslu fatlaðs fólks til jafns við aðra og án aðgreiningar.
- Endurskoða þarf staðsetningu í námskeiðum sem ekki eru í mannvirkjum sem eru opin almenningi.

9. Heimildir

- Anna Soffía Óskarsdóttir. (2008). Þróun námskrár í símenntun fólks með alvarlega boðskiptahömlun: Í ljósi nýrra hugmynda í fötlunarfræðum, námskrárfræðum og fullorðinsfræðslu [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. <http://hdl.handle.net/1946/2112>
- Austurbrú. (e.d.). Endurnýting. <https://austurbru.is/namskeid/notad-breytt-i-nytt/>
- Berglind Rós Magnúsdóttir. (2016). Skóli án aðgreiningar: Átakapólar, ráðandi straumar og stefnur innan rannsóknarsviðsins. Í Dóra S. Bjarnason, Hermína Gunnþórsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), Skóli margbreytileikans. Menntun og manngildi í kjölfar Salamanca (bls. 67-94). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Bjarni Kristjánsson og Vilborg Jóhannsdóttir. (2012). Útvistun verkefna: Skýrsla til stjórnar. Fjölmennt símenntunar- og ráðgjafastöð.
- Creswell, J. W. (2007). Qualitative inquiry and research design: Choosing among five approaches. Sage.
- Embla Guðrúnar Ágústsdóttir og Freyja Haraldsdóttir. (2016). Hæfing vinnumarkaðarins og verðmæti fatlaðs fólks. <https://www.tabu.is/post/h%C3%A6fing-vinumarkada%C3%B0a-rins-og-ver%C3%B0m%C3%A6ti-fatla%C3%B0s-f%C3%B3lks>
- Ferri, B.A. og Connor, D.J. (2010). 'I was the special ed. girl': urban working-class young women of colour. *Gender and Education*, 22(1), 105-121, DOI: 10.1080/09540250802612688
- Fjölmennt. (e.d.-a). Skipulagsskrá. <https://www.fjolmennt.is/is/um-fjolmennt/starfsemi/skipulagsskra>
- Fjölmennt. (e.d.-b). Ráðgjöf. <https://www.fjolmennt.is/is/radgjof>
- Fjölmennt. (e.d.-c). Námskeið. <https://www.fjolmennt.is/is/namskeid>
- Fjölmennt. (e.d.-d). Starfsmenn ráðgjafardeildar. <https://www.fjolmennt.is/is/radgjof/starfsmenn-radgjafadeildar>
- Fjölmennt. (e.d.-e). Hvernig getum við best aðstoðað. <https://www.fjolmennt.is/is/radgjof/hvernig-getum-vid-best-adstodad>
- Fjölmennt. (e.d.-f). Fróðleiksmolar frá ráðgjafardeild Fjölmenntar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar. <https://mailchi.mp/211e8ecfc2bf/frleiksmolar-fr-rgjafardeild-fjlmennar>
- Fjölmennt. (e.d.-g). Önnur starfsemi. <https://www.fjolmennt.is/is/onnur-starfsemi>
- Fjölmennt. (e.d.-h). Þjónustusamningur. <https://www.fjolmennt.is/is/um-fjolmennt/starfsemi/thjonustusamningur>

- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (e.d.). Fræðslusjóður. <https://frae.is/fraedslusjodur/>
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (2014). Skilmálar og úthlutunarreglur Fræðslusjóðs: Samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. <https://frae.is/storage/2022/02/Skilmalar-lokaskjal-2014.pdf>
- Gísli Björnsson. (2016, 4. október). Rétturinn til sjálfstæðs lífs. Vísir. <https://www.visir.is/g/2016161009692>
- Gísli Björnsson, Ína Valsdóttir, Þorvarður Karl Þorvarðsson, Skúli Steinar Pétursson, María Þ. Hreiðarsdóttir og Þórey Rut Jóhannesdóttir. (3. desember, 2018). Réttindabaráttan heldur áfram. Nú segjum við stopp. Fréttablaðið. <https://www.frettabladid.is/skodun/rettindabarattan-heldur-af-ram-nu-segjum-vi-stopp/>
- Gísli Björnsson, Ragnar Smáráson, Embla Guðrúnar Ágústsdóttir og Freyja Haraldsdóttir. (2019). Samráð. Háskóli Íslands. <https://jafnrettifyriralla.is/verkefni/samrad/>
- Guðný Bergþóra Tryggvadóttir, Hrafnhildur Snæfríðar og Gunnarsdóttir Ásdís Aðalbjörg Arnalds. (2016). Staða ungs fólks með örorku- eða endurhæfingarlífeyri. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/skyrslur2016/Stada_ungu_folks_med_ororku_13.10.2016.pdf
- Guðrún V. Stefánsdóttir. (2011). Áskoranir og ávinningar. Diplómunám fyrir fólk með þroskahömlun á Menntavísindasviði. Í Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs (ritstjórar), Rannsóknir í Félagsvísindum XII (bls. 225-233).
- Guðrún V. Stefánsdóttir. (2013). Atvinnuþátttaka fólks með þroskahömlun sem lokið hefur starfstengdu diplómunámi frá Háskóla Íslands. Uppeldi og menntun 85-103.
- Gunnhildur Jakobsdóttir, Snæfríður Þóra Egilson og Kjartan Ólafsson. (2015). Skólaþátttaka og umhverfi 8-17 ára getumikilla barna með einhverfu: Mat foreldra. Uppeldi og menntun, 24(2), 75-97.
- Gunnhildur Jakobsdóttir, Þóra Leósdóttir og Snæfríður Þóra Egilson. (2017). Samfélagsþátttaka einhverfra barna: Viðhorf foreldra. Iðjuþjálfinn, 38(1) 6-13.
- Hardonk, S. og Halldórsdóttir, S. (2021). Work inclusion through supported employment? Perspectives of job counsellors in Iceland. Scandinavian Journal of Disability Research, 23(1), 39–49. DOI: <http://doi.org/10.16993/sjdr.767>
- Helga Gísladóttir. (2007). Nám á starfsbraut framhaldsskóla: undirbúningur fyrir fullorðinsár [meistararitgerð, Háskóli Íslands].
- Helga Hafdís Gísladóttir. (2015). „Foreldrarnir eru vopn og skjöldur barnsins gagnvart skólanum“. Þjargráð mæðra við skólun einhverfra barna sinna í ljósi auðmagnskenninga [meistararitgerð, Háskóli Íslands].
- Helga Þórey Júlíudóttir, Kristín Björnsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2016). Á jaðri jaðarsins í framhaldsskóla fyrir alla. Starfsbraut – sérnám innan Tækniskólans. Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. Sérriit 2016 – Menntun, mannvit og margbreytileiki. https://netla.hi.is/serrit/2016/menntun_mannvit_og_margbreytileiki_greinar_fra_

menntakviku/007.pdf

Helle Kristensen. (2019). Milliliður, stuðningsaðili eða hlutlaus fylgdarmaður : hlutverk aðstoðarfólks í námi fólks með þroskahömlun sem þarf mikinn stuðning [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. <http://hdl.handle.net/1946/34567>

Helle Kristensen og Kristín Björnsdóttir. (2022). Hlutverk aðstoðarfólks í námi fólks með þroskahömlun

sem þarf mikinn stuðning. Í Guðrún V. Stefánsdóttir, Ástríður Stefánsdóttir og Kristín Björnsdóttir (ritstjórar) Sjálfraeði og fólk með þroskahömlun. Háskólaútgáfan.

Jakob F. Þorsteinsson. (2017). Tómsundur og menntun. Í Alfa Aradóttir, Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir (ritstjórar), Frístundur og fagmennska: Rit um málefni frítímans (bls. 47-62). Félag fagfólks í frítímaþjónustu, Félag íþróttar-, æskulýðs- og tómsundafulltrúa á Íslandi og Rannsóknarstofa í tómsundafræðum.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson (2022). Félagsleg og efnahagsleg staða og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum. <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/Sk%3%bds%20-%20brotthvarf%20%3%bar%20framhaldssk%3%b3lum%2024.01.2022.pdf>

Kristín Björnsdóttir og Rannveig Traustadóttir. (2010). Stuck in the land of disability? The intersection of learning difficulties, class, gender and religion. *Disability & Society*, 25(1), 49-62, DOI: 10.1080/09687590903363340

Kristín Björnsdóttir og Steindór Jónsson. (2015). Social (in)equality: Collaborative reflection. *Uppeldi og menntun*, 24(2), 99–118.

Kristín Björnsdóttir. (2002). Þroskaheftir framhaldsskólanemendur [meistararitgerð, Háskóli Íslands].

Kristín Björnsdóttir. (2014). „Ég fékk engan stuðning í skólanum“ fötlun, kyngervi og stétt. Í Annadís Greta Rúdólfssdóttir, Guðni Elísson, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Irma J. Erlingsdóttir (ritstjórar), Fléttur 3: Jafnrétti, menning, samfélag (bls. 233-257). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Kristjana Stella Blöndal og Atli Hafþórsson. (2018). Margbreytileiki brotthvarfsnemenda. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. https://netla.hi.is/serrit/2018/framhaldskolinn_brennidepli/11.pdf

Lög um grunnskóla nr. 63/1974.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.

Lög um háskóla nr. 63/2006.

- Margrét Einarsdóttir og Kristín Heba Gísladóttir. (2021). Staða fatlaðs fólks á Íslandi 2021. Niðurstöður spurningakönnunar Vörðu fyrir Öryrkjabandalag Íslands. Varða – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins. <https://www.obi.is/static/files/skjol/pdf-skyrslur/stada-fatlads-folks-a-islandi-2021.pdf>
- María Hildipórsdóttir. (2006). Möguleikar fatlaðs fólks til náms að loknum framhaldsskóla [meistararitgerð, Kennaraháskóli Íslands]. <https://www.fjolmennt.is/static/files/rannsoknir/moguleikar-fatlads-folks-til-nams.pdf>
- Mímir. (e.d.) Starfsfólk og stjórn. <https://www.mimir.is/is/mimir/starfsmenn>
- Ólafur Björnsson. (2021). „Já, ég var í Brúarskóla, ég er með fatlanir og af hverju á ég að skammast mín fyrir það?“. Lífssögur fyrrverandi nemenda Brúarskóla [meistararitgerð, Háskóli Íslands].
- Ragnhildur Íris Einarsdóttir. (2019). „Ég er búinn að gera mitt allra besta til að gleyma þessum tíma“: Ungir karlmenn sem upplifðu vanlíðan í grunnskóla [meistararitgerð, Háskóli Íslands].
- Reglugerð um undirbúning, gerð og eftirfylgni samninga um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni nr. 643/2018.
- Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs/2007
- Scott, M. og Sedgewick, F. (2021). 'I have more control over my life': A qualitative exploration of challenges, opportunities, and support needs among autistic university students. *Autism & Developmental Language Impairments*, 6, 1-14. doi:10.1177/23969415211010419
- Símey. (e.d.). Súrdeigsbakstur á Böggvissstöðum. <https://www.simey.is/is/moya/inna/surdeigsbraud>
- Skúli Steinar Pétursson. (2016). Liðveisla. <http://www.lesa.is/is/moya/news/lidveisla>
- Snæfríður Þóra Egilson. (2011). Á tímamótum. Framhaldsskólanemendur með hreyfihömlun. Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011. <https://netla.hi.is/serrit/2011/menntakvika2011/027.pdf>
- Sóley S. Bender. (2013). Samræður í rýnihópum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), Handbók í aðferðafræði rannsókna (99–312). Akureyri: Ásprent.
- Tobin, M.C., Drager, K.D.R og Richardson, L.A. (2014). A systematic review of social participation for adults with autism spectrum disorders: Support, social functioning, and quality of life. *Research in Autism Spectrum Disorders*, 8(3), 214-229,
- Vala Guðmundsdóttir. (2009). Íþróttir fatlaðra: sund fólks með hreyfihömlun og aðgengismál [bakkalárritgerð, Háskóli Íslands]. <http://hdl.handle.net/1946/3958>
- Vanda Sigurgeirsdóttir. (2010). Skilgreining á hugtakinu tólmstundir. Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010. <https://netla.hi.is/serrit/2010/menntakvika2010/025.pdf>
- VR. (e.d.). Launaviðtal. <https://www.vr.is/kjaramal/laun/launavidtal/>

HÍ

MENNTAVÍSINDASTOFNUN